



ROLEX
Franch Michelsen
ÚRSMÍÐAMEISTARI
LAUGAVEGI 15 • SÍMI 511 1900 • WWW.SVSS.IS

MARKAÐURINN



Sögurnar... tölurnar... fólkid...

Miðvikudagur 5. mars 2008 – 10. tölublað – 4. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 **visir**

Skuldatryggingarálagið Bakland bankanna



Skárri en Ísland Bankarnir traustir í Kasakstan



Frístundin Lund og lóðum lyft í ræktinni



BJARNI MÁR GYLFASON Bjarni, sem er hagfræðingur SI, fjallar í blaðinu um hagstjórn, lönþing og Evrópusambandið.

MARKAÐURINN/HARI

Verðbólga nú vegna kostnaðar

„Verðbólgan er enn mikil en undirrot hennar er nú önnur en áður,“ segir Bjarni Már Gylfason, hagfræðingur Samtaka iðnaðarins, í grein sem hann ritar í Markaðinn.

Hann færir fyrir því rök að verðbólguþrýstingur sé nú fremur af völdum kostnaðarauka hjá fyrirtækjum en vegna eftirspurnar. „Þetta ástand minnir á það sem hagfræðin nefnir stagflation, sem stundum er nefnt kreppu- eða kostnaðarverðbólga,“ segir hann og rifjar upp að á áttunda áratug síðustu aldar hafi þetta ástand einkennt mörg lönd í kjölfar olíukreppu. „Við þetta ástand verður baráttu við verðbólgu annars eðlis en þegar verðbólga skýrist af síaukinni eftirspurn.“ Við þessar aðstæður segir hann smávægilega lækkuð stýrivaxta Seðlabankans við hæfi.

- óka / Sjá síðu 10

FRÉTTIR VIKUNNAR

Krónan hindrun | Eitt helsta vandamál íslensks fjármálamarkaðar er að ekki hefur tekist að laða að erlenda langtímafjárfesta. Þetta sagði Sigurður Einarsson, stjórnarformaður Kaupþings, í erindi á málstofu BSRB um lífeyrismál á föstudag. Augljósasta hindrunin væri íslenska krónan.



Hvað sem hentar | „Fyrirtækjum á að vera í sjálfsveld sett hvort þau geri upp í evrum eða öðrum gjaldmiðli sem hentar betur en króna,“ sagði Lýður Guðmundsson, stjórnarformaður Existu, á aðalfundi félagsins á fimmtudag.

Uppgjör í evrum | Nefnd á vegum viðskiptaráðherra lagði til í síðustu viku að Verðbréfaskráning Íslands eða sambærilegir aðilar gæti annast uppgjör íslenskra hlutabréfa í erlendri mynt í samstarfi við bakhjarl sem hefði öruggan aðgang að fjármunum í skráningargjaldmiðlinum.

Lægra lánshæfismat | Alþjóðlega matsfyrirtækið Moody's Investors Service lækkaði lánshæfismatseinkunn Landsbankans og Glitnis úr Aa3 í A2 í síðustu viku. Kaupþing fékk einkunnina A1. Einkunn Landsbankans og Kaupþings er sú sama og var í byrjun síðasta árs.

OMX í Nasdaq | Formlega hefur verið gengið frá samruna OMX við NASDAQ og þar með hefur stærsta kauphallarfyrirtæki í heimi litið dagsins ljós. Hið nýja nafn á fyrirtækinu verður NASDAQ OMX Group. Íslenska kauphöllin er hluti af nýja fyrirtækinu.

Tilmæli um laga- breytingar hundsuð

Hátt í 500 milljarða króna eign í skráðum félögum í Kauphöllinni er geymd í skattaskjólum, Lúxemborg og Hollandi. Miklar skatttekjur kunna að fara forgörðum vegna þessa.

Ingimar Karl Helgason
skrifar

„Tillögur skattfyrivalda um úrbætur í þessum efnum hafa legið á borðum stjórnvalda árum saman án þess að þeim hafi verið sinnt,“ segir Indriði H. Þorláksson, fyrrverandi ríkisskattstjóri, í nýrri grein.

Hann bendir á að erlendir aðilar eigi hátt í þriðjungs hlut í skráðum félögum í Kauphöllinni. Stór hluti sé skráður í skattaparadísunum, í Lúxemborg og Hollandi. Hlutfall skráningar eignarhluta þar hafi aukist mjög á síðustu árum. Annað sé ólíklegt en að íslenskir aðilar séu á bak við þessa eign að mestu leyti. „Séu íslensku eignarhaldsfélögin í eigu erlendra aðila kann svo að fara að lítill eða enginn skattur verði eftir á Íslandi,“ segir Indriði.

Markaðsverð allra félaga í Kauphöllinni var hátt í tvö þúsund milljarðar króna í upphafi vikunnar.

Verðmæti hluta sem skráðir eru í skattaparadísunum, í Lúxemborg og Hollandi var þá hátt í 480 milljarða króna.

Indriði bætir því við að þessi staða geri skattfyrirvöldum erfitt fyrir. Hluti af tekjum og hagnaði falli til aðila eða félaga erlendis sem ýmist greiði skatta þar eða alls ekki, séu félögin skráð „í vafasömu skattamhverfi“.

Indriði bætir því við að ein helsta ástæðan fyrir þessu sé að skattalög hér hafi ekki þróast með tilliti til breyttra aðstæðna. Tillögur um úrbætur hafi lengi legið hjá stjórnvöldum, en allt komið fyrir ekki. Nauðsynlegt sé að setja lög sem skyldi innlenda aðila til að upplýsa um eignir og tekjur erlendra félaga sinna. Þá þurfi að styrkja lög um svonefnda milliverðlagningu og um viðbrögð við skattasniðgöngu. Þá sé nauðsynlegt að í skattkerfinu sé til staðar stofnun sem ráði við stórsniðin skattamál með erlendu ívafi.

Sjá síður 8 og 9

Verðbólguvanda sópað undir teppið

Seðlabanki Íslands ætti, í það minnsta tímabundið, að hverfa frá verðbólguþrýstingum og hefja lækunarferli stýrivaxta, að mati Ragnars Árnasonar, hagfræðiprófessors við Háskóla Íslands. Bankinn færir þá að fordæmi seðlabanka í Bandaríkjunum og Bretlandi sem breytt hafa stefnu sinni og lækkað vexti mikið og hratt þrátt fyrir versnandi verðbólguhorfur.

Í ræðum sem þeir Ben S. Bernanke aðalbankastjóri bandaríska seðlabankans og Frederik Miskin, sem situr í peningamálanefnd bankans, fluttu í byrjun janúar er stefnubreyting bank-

ans útskýrð þannig að aðstæður á fjármálamörkuðum heimsins séu með þeim hætti að meira máli skipti að tryggja þar lausafé og traust á fjármálastofnanir en einblína á verðbólgu. Síðan í september í fyrra hefur Seðlabanki Bandaríkjanna lækkað grunnvexti sína frá úr 5,25 prósentum í 3 prósent.

„Ef Seðlabanki Bandaríkjanna og Seðlabanki Bretlands telja að við þær aðstæður sem nú ríki beri að víkja verðbólguþrýstingum til hliðar til að tryggja gangverkið í fjármálakerfinu, þá er þeim mun ríkari ástæða til að gera það hér á landi,“ segir Ragnar og setur

spurningarmerki við peningastefnuna sem hér hefur verið rekin. Hann segir upphaflegum verðbólguvanda í tengslum við stóriðjuþenslu í raun hafa verið „sópað undir teppið með hækkun á gengi krónunnar“. Þannig hafi hér síðustu ár í raun verið fylgt gengisstýringarstefnu í stjórn peningamála. Hátt vaxtastig segir Ragnar að ýti undir fjárstreymi til landsins og þar með sé í raun grafið undan peningastefnunni sem vöxtunum er ætlað að vinna að. Hátt vaxtastig hér segir Ragnar í raun hafa gert krónuna að skotmarki erlendra fjármála-spekúlanta.

- óka / Sjá síðu 6

TrackWell

Tíma- og verkskráning
Flotastýring og eftirlit

www.trackwell.com

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

ISK 15,1%*

GBP 5,6%*

DKK 4,5%*

USD 3,8%*

EUR 4,0%*

CAD 4,4%*

Landsbankinn

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP/CAD/DKK eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluáðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rými fjárfestingarheimildir skv. lögum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, visast til útboðslýsingar og útráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

* Nafnvöxtun á ársgrundvelli frá 1. feb. – 3. mars 2008.

GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Atorka	1,0%	-18,3%
Bakkavör	-8,6%	-31,3%
Exista	-3,3%	-39,7%
FL Group	-6,7%	-36,2%
Glitnir	-6,1%	-23,5%
Eimskipafélagið	0,9%	-15,9%
Icelandair	-0,8%	-9,9%
Kaupþing	-1,8%	-17,5%
Landsbankinn	-6,4%	-25,6%
Marel	-2,7%	-11,7%
SPRON	-8,8%	-42,1%
Straumur	-6,1%	-23,6%
Teymi	-3,4%	-13,6%
Össur	-0,6%	-6,1%

Miðað við gengi í Kauphöll á mánudag

Kasakstan skárra en Ísland

Greinanda hjá Bear Stearns list ekkert á Ísland samanborið við Kasakstan.

Greiningerdeild bandaríska fjárfestingarbankans Bear Stearns segir fjármálalíf í Kasakstan standa á traustari fótum en fjármálalíf hér á landi.

Bankinn segir margt sameininglegt með íslenskum bönkum og kollegum þeirra í Kasakstan. Miklar erlendar lán-tökur liggja að baki vexti bankanna en það hafi skilað sér út í hagkerfi landanna. Er nefnt að fasteignaverð hafi rokið upp og viðskiptahalli aukist mikið. Þessar aðstæður hafa valdið mikilli ofhitnun í hagkerfum beggja landa, að sögn Bear Stearns.

Ísland er sömuleiðis mun berskjaldaðra gagnvart efnahagslegum samdrætti hjá stærstu iðnríkjum heims en Kasakstan, að



mati Bear Stearns, sem vísar til þess að íslenskir bankar hafi fjárfest mjög í smásöluverslun og fasteignum á Norðurlöndunum og í Bretlandi. Slíku sé ekki að til að dreifa hjá bönkum í Kasakstan sem séu mun opnari fyrir aðkomu erlendra fjárfesta í hluthafahópinn. Það sé fáheyrt hér og sýni skuldtrygginga-álág íslensku bankanna að þeir séu mun líklegri til að verða gjaldþrota en kollegar þeirra í Kasakstan.

- jeb

ÞEKKTASTI FULLTRÚI KASAKSTAN Persónan Borat opnaði augu umheimsins fyrir Kasakstan. „Kasakstan er besta land í heimi. Öll önnur lönd eru undir stjórn lítilla stúlkna,“ sagði Borat. Kannski er eitthvert sannleikskorn í því samkvæmt Bear Stearns þegar valið stendur á milli fjárfestinga á Íslandi og Kasakstan.

Kröfur námu 507 milljónum

Alls námu kröfur í þrotabú Huga hf., sem áður hét Fróði, tæpum 507 milljónum króna, að því er fram kemur í tilkynningu um skiptalok í Lögbirtingablaðinu. Nafni félagsins var breytt þegar Tímaritaútgáfan Fróði keypti eignir og yfirtók rekstur gamla félagsins í árslok 2004.

Upp í almennar kröfur, sem námu rúmri 501 milljón króna, fengust greiddar rúmlega 43,3 milljónir, eða sem nemur um 8,6 prósentum. Forgangskröfum að upphæð tæplega 5,9 milljónum króna var öllum hafnað.

- óká

Fengu gögn að utan

„Ég geri ráð fyrir að niðurstaðan liggja fyrir í vikunni,“ segir Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra. Þá skýrist hvort Kaupþing fær að skrá hlutafé sitt í evrum.

Ársreikningaskrá heimiladri Kaupþingi, með skilyrðum, að skrá hlutaféð í evrum. Það kærði Kaupþing til fjármálaráðherra. Málið hefur verið í höndum ráðherrans frá því milli jóla og nýárs.

Heimildir Markaðarins í fjármálaráðuneytinu herma að þar á bæ vilji menn vanda sig mjög. Meðal annars hefur verið kallað að eftir gögnum víða erlendis frá svo ráðherrann geti metið hvort heimila eigi Kaupþingi skráninguna.

Samkvæmt lögum þurfa fjármálafyrirtæki að sækja um það



ÁRNI M. MATHIESEN Reiknar með því að ákveða í vikunni hvort Kaupþing fái að skrá hlutafé sitt í evrum.

MARKAÐURINN/GVA

sérstaklega að skrá hlutafé sitt í evrum. Það á ekki við fyrirtæki í öðrum rekstri.

- íkh

Lítill viðskipti með hlutabréf í febrúar

Skuldabréfavelta engu að síður í methæðum.

Nýliðinn febrúarmánuður var sá annar veltumesti frá upphafi hvað viðskipti með skuldabréf varðar í OMX Kauphöll Íslands. Velta með hlutabréf hefur hins vegar ekki verið minni síðan í nóvember árið 2006, að því er fram kemur í tilkynningu Kauphallarinnar.

Velta með skuldabréf nam 372 milljörðum króna í mánuðinum, en á fyrstu



tveimur mánuðum ársins er heildarvelta með skuldabréf orðin 1.055 milljarðar. Jafngildir það um 43 prósentum af heildarveltu síðasta árs.

Velta með hlutabréf nam hins vegar einungis 133 milljörðum króna í febrúar. „Mest voru viðskipti með bréf Kaupþings (58 milljarðar) og Glitnis (28 milljarðar),“ segir í frétt Kauphallarinnar. Úrvalsvísitalan lækkaði um 10,6 prósent í mánuðinum. Mest lækkan var með bréf 365 (21,8 prósent), SPRON (21,1 prósent) og Bakkavör Group (18,4 prósent). Bréf Century Aluminum og Atlantic Petroleum hækkðu í mánuðinum, um 26,3 og 6,1 prósent.

- óká

Verðbólga eykst enn

Enn er nokkur undirliggjandi verðbólga, að því er fram kemur í Hagvísunum Seðlabankans.

Seðlabankinn segir ennfremur að verðbólga hafi aukist í febrúar. Tólf mánaða verðbólga hafi verið 6,8 prósent.

Þá hafi eftirspurn vaxið í janúar, en þó hægar en áður. Nýskráningum bifreiða hafi hins vegar fjölgað töluvert mikið. Þeim hafi fjölgað um 60 prósent samanborið við janúar í fyrra.

Enn sé nokkur eftirspurn eftir vinnandi fólki. Nýskráningar starfsmanna hjá Vinnuálagstofnun hafi verið heldur fleiri í janúar en í desember. Launavísitala á ársgrundvelli hafi hækkad um 6,2 prósent, en þrátt fyrir að það sé minnsta árshækkun frá árinu 2004, þurfi að hafa í huga að meirihluti starfsmanna á almennum vinnumarkaði fékk ekki launahækkun um áramót, þar sem ekki var skrifað undir samninga fyrr en í síðasta mánuði.



BÍLAR BÍÐA Á HAFNARBAKKANUM Nýskráningum bíla fjölgaði um 60 prósent í janúar, samanborið við sama mánuð í fyrra. Seðlabankinn segir að enn sé undirliggjandi nokkur verðbólga.

MARKAÐURINN/GVA

Seðlabankinn bendir enn fremur á að væntingavísitala Gallups hafi lækkað í febrúar eftir að hafa staðið í stað frá því í nóvember.

Vöruskiptin hafi verið óhagstæð um níu og hálfan milljarð í desember, og aukist um ríflega fjórðung frá sama mánuði árið áður. Þá hafi útflutningsverðmæti sjávarafurða aukist. Einnig hafi útflutningur á áli verið töluverður.

- íkh

60 daga til að létta ábyrgð af Eimskip

Lán upp á tæpa 19 milljarða króna sem Eimskip ábyrgist á að greiðast í dag. Lánið fylgdi þegar Excel var selt en ábyrgðin sat eftir. Fær tvo mánuði til að endurfjármagna.

Björgvin Guðmundsson
skrifar

Eimskipafélagið ber ábyrgð á tæplega 19 milljarða króna láni Excel Airways sem er á gjaldþaga í dag. Stjórn Eimskips og Landsbankinn, sem veitti lánið, hafa gefið stjórnendum Excel tvo mánuði til að greiða lánið og létta ábyrgðinni af Eimskip. Bæði stjórnendur Eimskips og Excel eru bjartsýnir á að það takist þrátt fyrir vondar aðstæður á lánamarkaði. Kjörin munu hins vegar versna.

Eimskip seldi í október 2006 XL Leisure Group, sem samanstóð af félögum Excel Airways Group í Bretlandi, Star Airlines í Frakklandi og Star Europe í Þýskalandi, fyrir um 450 milljónir dollara. Þar af var 280 milljón dollara lán frá Landsbankanum sem Eimskip var ábyrgðaraðili að. Það jafngildir um 18,8 milljörðum íslenskra króna. Stjórnendur Landsbankans vildu ekki að ábyrgðin flyttist til nýrra eigenda og því ber Eimskip enn ábyrgð á láni félags sem það seldi frá sér. Kaupendur voru stjórnendur XL Leisure Group. Þeir höfðu frest þangað til í dag til að greiða lánið í Landsbankanum.

„Lánið verður framlengt um tvo mánuði með ábyrgð Eimskipafélagsins og það er væntanlega sá tími sem tekur að klára þetta mál. Við höfum litlar áhyggjur af þessu. Excel Airways var dótturfélag Eimskips og því var félagið ábyrgðaraðili að láninu. Við höfum góðar tryggingar á móti í hlutafé Excel. Það er eðlilegt að það



SINDRI
SINDRASON



MAGNÚS
STEPHENSEN



EXCEL AIRWAYS Magnús Stephensen segir rekstur XL Leisure Group ganga vel og reksturinn betri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

taki lengri tíma að ljúka endurfjármögnun en var fyrirséð við núverandi aðstæður á lánamarkaði,“ segir Sindri Sindrason, stjórnarformaður Eimskipafélagsins.

„Við hjá Excel höfum verið að vinna að endurfjármögnun félagsins síðastliðna sex mánuði í nánú samráði við stjórnendur Eimskips. Augljóslega hefur þetta tekið lengri tíma en til stóð vegna versnandi markaðsaðstæðna. En nú sjáum við fyrir endan á þessu ferli samkvæmt því tímaplani sem við lögðum upp með,“ segir Magnús Stephensen, framkvæmdastjóri Excel Holdings, sem er móðurfélag XL Leisure Group.

Færri um hverja íbúð

Íbúðum hér á landi fjölgaði um næstum sextán þúsund á árunum 2000 til 2006 samkvæmt tölum Hagstofunnar. Á sama tíma fjölgaði landsmönnum um ríflega 24 þúsund.

Fjöldi íbúa í hverju íbúðarhúsnæði hefur dregist töluvert saman undanfarin ár. Samkvæmt tölum Hagstofunnar voru 372 íbúðarhúsnæði á hverja þúsund íbúa árið 2001, en árið 2006 voru þau 403 á hverja þúsund íbúa.

Íbúðarhúsnæði getur verið íbúð af ýmsum stærðum, raðhús eða einbýli. Íbúðum sem slíkum fjölgaði um næstum sextán þúsund á árunum 2000 til 2006.

Sjá má á meðfylgjandi töflu að vöxturinn var heldur jafn áður en bankarnir hófu að lána til íbúðakaupa, um mitt ár 2004. Eftir það hefur vöxturinn verið heldur meiri milli ára, en árin þar á undan. Á sama tíma hefur hlutfall þeirra sem búa einnig vaxið í samanburði við önnur fjölskylduform.

- íkh




FJÖLGUN ÍBÚDA

Fjöldi íbúða á hverja þúsund íbúa, auk vaxtar milli ára:		
2001	372	1,8%
2002	376	1,8%
2003	383	2,4%
2004	388	2,5%
2005	390	2,6%
2006	403	3,4%

FJÖLBÝLINU FJÖLGAR í hitteðfyrra var 191 íbúð í fjölbýlishúsi á hverja þúsund íbúa. Þær voru 164 árið 2000.

Keyrðu upp framlegðina



Caddy kostar frá

1.890.000 kr.

TDI® eyðir aðeins 6.1 l/100km



Transporter kostar frá

2.985.000 kr.

TDI® eyðir aðeins 7.5 l/100km



Crafter kostar frá

4.140.000 kr.

TDI® eyðir aðeins 9.8 l/100km



Láttu Volkswagen vinna fyrir þig

Vinnubílamir okkar eiga það sameiginlegt að eyða litlu enda státa þeir allir af hinni ótrúlega hagkvæmu VW TDI® dísilvél. Þá er viðhaldskostnaður lægri en gengur og gerist, til dæmis þarf ekki að smyrja bílinn fyrr en eftir 30.000 km. akstur* og þjónustuskoðun á Transporter er aðeins á 60.000 km. fresti. Sýndu fjármálavit í verki og fáðu Volkswagen strax í vinnu fyrir þig.



Vinnubílar

* fer eftir notkun bílsins.

Hveitiskúrkur tapar stórfé

Bandaríska verðbréfafyrirtækið MF Global, eitt það stærsta í heimi sem sérhæfir sig í kaupum og sölu á verðbréfum tengdum hrávörumarkaði, greindi frá því í síðustu viku að einum verðbréfamíðlara fyrirtækisins hefði verið vikið úr starfi vegna grófra verðbréfgjörninga.

Verðbréfamíðlarinn veðjaði gegn verðhækkun á hveitiverði, sem hefur sveiflast mikið upp á síðkastið og stendur í methæðum. Að sögn breska dagblaðsins Financial Times tapaði miðlarinn 141,5 milljónum Bandaríkjadala, jafnvirði 9,3 milljarða íslenskra



KORNPRESKIVÉL Á PORVALDSEYRI Heimsmarkaðsverð á korni hefur sveiflast mikið upp á síðkastið og er ekki loku fyrir það skotið að verðbréfskúrkar hafi þrýst því upp.

króna, á viðskiptunum. Þetta er langt umfram þær heimildir sem

verðbréfamíðlara fyrirtækisins hafa.

Málið tengist miklum sveiflum á heimsmarkaðsverði á hveiti upp á síðkastið og rauk í methæðir á miðvikudag eftir miklar sveiflur. Ekki er loku fyrir það skotið að mikil verðbréfavíðskipti miðlarans skýri sveifluna, að sögn blaðsins.

MF Global sagði í tilkynningu í vikulokin að tölvukerfi fyrirtækisins hefði brugðist. Kerfið vistar upplýsingar um viðskipti einstakra miðlara og talið er að það hefði getað svipt hulunni af gjörningunum fyrr en ella. - jab

Einkapötur eru svo 2007...



Með fyrirtækjasamningi við Iceland Express tryggirðu fyrirtækinu hagstæðara verð og sparar fyrirhöfn.

Kostirnir eru ótvíræðir:

- » Hagstæðara verð
- » Aðra leið
- » Tíðar flugferðir
- » Hægt að fljúga til eins áfangastaðar og heim frá öðrum
- » Auðvelt að breyta bókunum
- » Fínum hótél við hæfi
- » Í boði að velja sæti
- » Engin sunnudagaregla
- » Engin hámarksdvöl
- » Aðstoðum við bókanir á framhaldsflugi erlendra flugfélaga
- » Fjórtnán áfangastaðir í sumar
- » Hagstæðir fyrirtækjasamningar í boði

London
11 x í viku
Köben
10 x í viku

Hafðu samband í síma 5 500 600 eða sendu okkur línu á vidskiptaferdir@icelandexpress.is - Saman leggjum við grunninn að vel heppnaðri viðskiptaferð!

Iceland Express 
með ánægju

www.icelandexpress.is

Ísland dottið af lista

Ísland fellur um sjö sæti á lista Alþjóðaeftahagsráðsins á milli ára. Umhverfismál og hindranir á fjárfestingar draga landið niður.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

Ísland hefur fallið um sjö sæti niður í það ell- eða af 130 yfir þau lönd sem flagga hæstu samkeppnisvísitölu í ferðaþjónustu (e. Travel and Tourism Competitiveness Index, skammstafað TTCI) í ár. Niðurstöður könnunarinnar voru birtar í gær. Umhverfismál og hömlur á eignarhaldi erlendra aðila draga Ísland niður á listanum en hreinlæti, heilbrigðismál og samgöngur halda því uppi.

Ísland var í fjórða sæti á listanum í fyrra. Sviss skipar fyrsta sætið og er því leiðandi á sviði ferðaþjónustu. Austurríki er í öðru sæti og Þýskaland í þriðja og er það óbreytt staða á milli ára. Ástralía, Frakkland, Spánn og Svíþjóð koma ný inn á listann meðal landanna í tíu efstu sætunum. Ásamt Íslandi falla Hong Kong, Lúxemborg og Singapúr út af listanum. Afríkuríkin Tsjad og Lesótó eru í tveimur neðstu sætunum í ár.

Alþjóðaeftahagsráðið (World Economic Forum) hefur tekið listann saman ár hvert síðastliðin 29 ár og er Nýsköpunarmiðstöð samstarfsaðili ráðsins hér á landi.

Fram kemur í skýrslu um málið að breytingar hafi verið gerðar á samsetningu vísitölnunnar frá í fyrra og skýri það fallið að nokkru leyti. Að sama



KOMIÐ TIL LANDSINS FRÁ LEIFSTÖÐ Ísland er í ellefta sæti af 130 á lista Alþjóðaeftahagsráðsins yfir þau lönd sem eru leiðandi á sviði ferðaþjónustu.

skapi gerir það samanburð á milli ára að nokkru leyti ómarktækan.

Nú er stuðst við fjórtán stoðir í stað þrettán og undirflokkum bætti við. Áhersla á sjálfbærni og umhverfisvernd hefur verið aukin sem mikilvæg atriði fyrir samkeppnishæfni í ferðaþjónustu. Þar á meðal er ein breytan losun koltvísýrings en þar lendar Ísland í 90. sæti. Auk þess lendar Ísland í 101. sæti yfir heimildir erlendra aðila til fjárfestinga hér á landi og í því 114. yfir fjölda flugfélaga sem starfi hér.

Góðu fréttirnar eru þær að Ísland lendar í fyrsta sæti yfir gott aðgengi að hreinu drykkjarvatni og góðum samgöngum og þykir standa sig vel gagnvart útbreiðslu alnæmis, svo fátt eitt sé nefnt. Þá skorar landið hátt á listanum yfir gott atvinnuöryggi og viðhorf til útlendinga. Í síðasttalda flokknum lendar Ísland í áttunda sæti.

Buffett segir samdráttarskeið hafið

Bandaríski auðkýfingurinn Warren Buffett, sem um áráraðir hefur verið í öðru sæti á lista yfir ríkustu menn heims, segir samdráttarskeið hafið í Bandaríkjunum.

Samkvæmt bókum hagfræðinga þarf landsframleiðsla að hafa dregist saman tvo ársfjórðunga í röð áður en hægt er að segja til um hvort samdráttarskeið sé runnið upp. Sú er enn ekki raunin. Hagvöxtur jókst um 0,6 prósent á síðasta ársfjórð-

ungi í Bandaríkjunum í fyrra samanborið við 4,9 prósentahagvöxt á þriðja ársfjórðungi.

Buffett benti á í samtali við sjónvarpsstöðina CNBC um helgina að mjög hafi hægt á umsvifum þeirra fyrirtækja sem fjárfestingafélag hans eigi hlut í og því ljóst að samdráttarskeið sé hafið. Hann vildi þó ekki spá fyrir um hversu lengi það muni standa.

Félag Buffettts heitir Berkshire Hathaway og nam hagnaður

þess 2,2 milljörðum dala, jafnvirði 146 milljörðum króna, á síðasta ári. Það er þrjú hundruð milljónum dala minna en í hitteðfyrri.

- jab



WARREN BUFFETT

„Guðfaðirinn“ hverfur á braut

Claude Bébéar, stjórnarformaður franska tryggingarísans Axa, ætlar að yfirgefa stólinn í lok næsta mánaðar. Bébéar hefur ýmist verið kallaður guðfaðir fransks kapitalisma eða Krókódíla-Claude vegna yfirtöku- og útrásargleði hans síðastliðinn aldarfjórðung.

Guðfaðirinn hóf störf hjá litla tryggingafyrirtækinu Ancienne Mutuelle árið 1958 og settist í forstjórastólinn árið 1975. Viðamiklar yfirtökur á smærri tryggingafyrirtækjum gengu í gegn í kjölfarið og var Axa stofnað sem samstæða um reksturinn

árið 1985. Það er nú eitt af þremur stærstu tryggingafyrirtækjum Evrópu.

Bébéar sat í forstjórastóli Axa til ársins 2000 og skipti þá yfir í stjórnarformannsstólinn.

Breska dagblaðið Financial Times segir um brotthvarf Bébéars, sem fagnar 73 ára afmæli á árinu, að ólíklegt verði að hann sitji kyrr í kjölfarið. Bébéar hefur unnið mikið á bak við tjöldin síðastliðin þrjátíu ár. Þá fái hann meiri tíma fyrir áhugamál sín: veiðar og mannréttindamál, sem þó verði stunduð hvort í sínu lagi.

- jab



CLAUDE BÉBÉAR Fráfarandi stjórnarformaður tryggingarísans Axa ætlar að hverfa á braut frá samstæðunni í lok apríl.

MARKAÐURINN/AF



Ef netið er niðri er allt í rúst – öruggt NET Samband

Með NET Sambandi Símans er fyrirtækið í áreiðanlegum tengslum við umheiminn. NET Samband er með kerfisvöktun allan sólarhringinn, uppitími netsins er 99,999% og uppfærslur eru gerðar að næturlagi til að auka öryggi og þægindi.

Hringdu í 800 4000 og fáðu aðstoð ráðgjafa við val á NET Sambandi sem hentar þínu fyrirtæki.

800 4000 • siminn.is



Sími



Netið



Sjónvarp

Það er Síminn 

Útlendingarnir horfa til baklands bankanna

Seðlabanki Íslands kannar möguleika á að efla gjaldeyrisforða bankans, leita eftir samstarfi við seðlabanka í löndum þar sem íslenskir bankar eru umsvifamiklir og hugsanlega að efla eða styrkja lausafjárreglur sem gilda um bankana. Þetta kom fram í nýlegu erindi Ingimundar Friðrikssonar seðlabankastjóra. Óli Kristján Ármannsson veltir upp spurningunni um hvort smæð Íslands og Seðlabankans, í samspili við stærð bankanna, hafi orðið til að búa til „Íslandsálagið“ óskilgreinda. Miðlarar á erlendum fjármálamörkuðum hnjóta gjarnan um hver muni verja íslensku bankana fari allt í kaldakol. Þá skiptir máli hver er „lánveitandi til þrautavara“.

Um leið og skuldtryggingarálag bankanna hefur náð hæstu hæðum hefur einnig aukist álag á útgáfu skuldabréfa íslenska ríkisins. Viðskipti með þau fara fram á sömu mörkuðum og skuldabréf bankanna. Undirliggjandi hagstærðir nægja ekki til að skýra hátt álag á bréf banka og ríkis, en í álaginu á að felast mat á líkum þess að útgefandi skuldabréfanna rati í þrot. Íslenska ríkið er nánast skuldlaust og vandséð að það geti farið á hausinn og íslensku bankarnir búa við ríkulega lausafjárstöðu og eru, að minnsta kosti enn sem komið er, búnir að fjármagna rekstur sinn langt fram í tímann.

Mikið álag á skuldabréf ríkisins og bankanna er sérfræðingum fjármálaráðgjafans nokkur ráðgáta og skiptar skoðanir um hvar grunnástæðuna sé að finna. Telja sumir hverjir vandfundna eina skýringu á háu álagi heldur ráði þar samspil fleiri þátta, svo sem hraður vöxtur bankanna, viðkvæmni þeirra gagnvart íslensku efnahagslífi og ójafnvægi þess sem leitt gæti til lakari gæða eigna á framtíðinni, auk þess sem horft er til stærðar bankanna miðað við ríkissjóð og Seðlabanka Íslands.

ÓÁSJÁLEGIR HAGVÍSAR

Stærð bankanna í hlutfalli við ríki og Seðlabanka er hins vegar sá þáttur sem margir horfa til sem skýringar á „íslenska álaginu“. Bankarnir saman eru á við tífalda þjóðhagsframleiðslu að stærð og því ef til vill ekki að furða að erlendir sérfræðingar hnjóti um hlutföll sem slík. Velta þeir þá fyrir sér getu Seðlabankans til að standa að baki bönkunum sem „lánveitandi til þrautavara“.

Þegar rætt er um áhættu í rekstri banka er hún tvenns konar. Annars vegar er það gjaldþrotaáhrætti (e. solvency risk) og hins vegar lausafjáráhætta (liquidity risk). Bankar eiga að gæta þess sjálfir að eiga nægt lausafé og haga sínum rekstri þannig, en þrjóti allt í þeim efnum eiga seðlabankar að koma að og veita lausafjáraðstoð með lánveitingum til þrautavara.

Val Koromzay, hagfræðingur OECD sem í liðinni viku kynnti hér skýrslu stofnunarinnar um íslenskt efnahagslíf, segir stöðu Seðlabanka Íslands sem lánveitanda bankanna til þrautavara vera alvörumál. „Ég velti fyrir mér hvort bankinn standi undir því hlutverki nú þegar,“ segir hann og boðar frekari umfjöllun í næstu skýrslu OECD.

Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings, segir ljóst að hækkun skuldtryggingarálags bæði ríkis og banka megi að hluta rekja til vangaveltna á erlendum fjármálamörkuðum um bakland íslensku bankanna. „Samt verður að hafa í huga varðandi ríkið að bæði matsfyrirtækin Standard & Poor's og Fitch hafa lækkað lánsþæfi þess og eðlilegt að álagið hækki af þeim sökum. Síðan skiptir líka máli að hagvísar hér líta margir ekki vel út í augum útlendinga, svo sem mikill viðskiptahalli, mjög hátt stýrivaxtastig, auk þenslunnar og verðbólgunnar sem hér hefur verið,“ segir hann, en kveður hækkun

skuldtryggingarálags á bréf ríkisins mun meiri en hægt sé að skýra með þessum rökum.

BAKLANDIÐ PARF AÐ BÆTA

„Á síðustu mánuðum hafa Seðlabankar ytra lagt mikið kapp á það að veita lausafé inn í bankakerfið. Til að mynda hefur bandaríski seðlabankinn víkkað út allar kröfur í endurhverfum lánveitingum til þess að koma fjármálastofnunum til aðstoðar. Hið sama hefur Seðlabanki Íslands að visu líka gert í janúar að einhverju marki en eðli málsins samkvæmt getur hann aðeins lánað út í krónum. Bróðurparturinn af lausafjárskuldbindingum íslensku bankanna þriggja eru hins vegar í erlendri mynt og af þeim sökum ætti íslenski seðlabankinn erfitt með að lina lausafjárvaðandi þeirra ef á reyndi. Þetta þýðir einfaldlega að íslenski bankakerfið hefur ekki sama bakstuðning og bankar á stærri myntsvæðum erlendis hvað varðar lánveitingar til þrautavara og það skiptir verulega miklu máli þegar lausafjáráhætta íslensku fjármálakerfisins er metin af erlendum aðilum. Þetta er hins vegar eitthvað sem íslensku bankarnir hafa lengi vitað af og þeir hafa því ávallt haft mun meira lausafé á bókum sínum en þekktist víða erlendis,“ segir Ásgeir og áréttar að með engum hætti geti lánveitingar til þrautavara kallast einhvers konar „pilsfaldakapítalismi“ líkt og heyrst hafi í umræðunni. „Lánveitingar til

þrautavara eru lausafjártrygging sem seðlabankar allra landa veita og eru grundvallarástæða þess að ríki reka seðlabanka.“

Ásgeir segir ljóst að íslenski Seðlabankinn geti ekki nema að litlu leyti þjónað bönkunum hér sem lánveitandi til þrautavara. „Að því leyti til vantar íslenskt bankakerfi þennan bakstuðning og þetta er það sem aðild að Myntbandalagi Evrópu myndi breyta. Þá yrði Seðlabanki Íslands útibú frá Seðlabanka Evrópu og væntanlega með töluvert svigrúm til að beita lánveitingum til þrautavara, og þá í evrum.“ Hins vegar hafi bankarnir sterkt bakland þegar kemur að gjaldþrotaáhrætti (e. solvency risk) enda hefur það komið skýrt fram í skýrslum og mati Moody's. Íslenska ríkið er nánast því skuldlaust og getur hæglega komið með nýtt eiginfjármagn ef um allt þrýtur enda er þá um miklu lægri fjárhæðir að ræða en lausafjárskuldbindingar. Til lengri tíma lítið segir Ásgeir að mikilvægt sé að styrkja bakland bankanna hérlendis. Aðrar lausnir en aðild að Myntbandalagi Evrópu,

og þá væntanlega Evrópusambandsaðild á undan, segir Ásgeir vera að bankarnir flytji höfuðstöðvar sínar og verði í raun erlendir bankar, eða að samningar náist um bakstuðning með öðrum hætti. „Hvort sem það yrði með gjaldeyrisvarasjóði í yfirstærð eða einhvers konar yfirþjóðlegum samningum.“

SAMKEPPNIN ER ÓVÆGIN

Ingimundur Friðriksson seðlabankastjóri gerði stöðu bankanna að umtalsefni í erindi sem hann flutti í Rótaryklúbba Austurbæjar fyrir helgi. Með örum vexti síðustu ár og starfsemi víða um lönd segir hann bankana hafa treyst undirstöður sínar og dreift starfsemi. „Þeir eru alþjóðlegir bankar með höfuðstöðvar á Íslandi og miklu síður en fyrr háðir efnahagslegri framvindu á Íslandi,“ sagði hann og benti líka á að ólíkt því sem gerst hefði víða í Evrópu hafðu íslenskir bankar ekki þurft að afskrifa háar fjárhæðir vegna fjárfestinga í ótryggum skuldavafningum undirmálmhúsnæðislána í Bandaríkjunum.

Um leið fjallaði Ingimundur um tortryggni þá í garð íslenskra banka á erlendum markaði sem erfitt væri að skýra til hlítar og ylli því meðal annars að tryggingarálag á skuldir þeirra væri hærra en sambærilegra banka. Hann benti á að á liðnum árum hefðu bankarnir sótt mikið lánsfé á alþjóðlega skuldabréfamarkaði, auk þess sem þeir hefðu í sókn á nýja markaði eflaust ögrað

keppinautum og mætt óvæginni samkeppni fyrir vikið. Þá kynni að skipta máli að bankarnir væru á jaðarsvæði og byggju því almennt við herra álag en bankar í stærstu löndunum. „Þá skiptir stærð þeirra í samanburði við umfang þjóðarþúskaþarins eflaust einnig máli,“ sagði hann, en erindi hans fjallaði líka um greinargerð alþjóðlega matsfyrirtækisins Moody's með yfirskriftina „AAA-lánshæfiseinkunn Íslands á krossgötum“, en í því voru sérstaklega metnir burðir stjórnvalda hér til að takast á við alvarlegt fjármálaáfall. „Á það var bent að frekari vöxtur íslensku fjármálakerfisins á alþjóðavettvangi kynni hins vegar að reyna á þessa burði. Bent var á að kanna mætti möguleika á að efla gjaldeyrisforða Seðlabankans, leita eftir samstarfi við seðlabanka í löndum þar sem íslenskir bankar eru umsvifamiklir og hugsanlega að efla eða styrkja lausafjárreglur sem gilda um bankana. Allt er þetta til skoðunar,“ sagði Ingimundur.

NEITA AÐ LÁNA ÁN ÞESS AÐ SEGJA NEI

Líklegt verður að teljast að smæð hagkerfisins í samanburði við umfangsmikinn rekstur stærstu fjármálastofnana landsins eigi sinn þátt í að yta undir áhættufælni á erlendum fjármálamörkuðum þegar kemur að skuldabréfaútgáfu bæði ríkis og íslenskra banka. Hins vegar er lítið til sem telja að skýringin á „Íslandsálaginu,“ kunni að vera einfaldari.

Í lausafjárkreppunni hugsar hver um sig og erlendir bankar, sem annars hefðu keypt skuldabréf, eru óviljugir til að lána frá sér peninga sem þeir kynnu sjálfir að þurfa á að halda. Ofurhátt skuldtryggingarálag kann því að vera leið þessara banka til þess að segja nei án þess að segja það upphátt. Hækkun þessa álags hefur enda verið mikil og almenn í heiminum, þótt vissulega sé hún mismikil á einstaka banka. Íslensku bankarnir hafa enda ekki viljað gefa út skuldabréf á þeim kjörum sem þjóðast, né heldur hafa aðrir bankar vilja gera það. Þannig munu margir írskir og spánskir bankar nær alfarið komnir upp á Seðlabanka Evrópu með fjármögnun um þessar mundir. Íslenska ríkið hefur svo enga þörf fyrir slíka útgáfu og yrði líklega lítið á það sem merki um örvæntingu og að hér væri allt að fara í kaldakol gengi það að slíkum afarkjörum á lána-markaði.

Fremur er horft til þess að lausafjárkreppan gangi yfir á næstu mánuðum og lánakjör á erlendum fjármálamörkuðum komist í eðlilegt horf þegar sér fyrir endann á ótíðindum tengdum bandarískum undirmálmálanum. Tæpast er þó búist við að það verði fyrir mitt ár og jafnvel búist við að aðstæður verði ótryggar fram á haustið. Verði frekari áföll gæti ástandið dregist á langinn. Stóra spurningin er svo bara hver lausafjárstaða íslensku bankanna verður þegar kemur að viðsnúningi, því þó þeir hafi burði til að bíða verður horft til hennar þegar að því kemur að þeir vilja gefa út skuldabréf.



ÁSGEIR JÓNSSON

INGIMUNDUR FRIDRIKSSON

SKULDATRYGGINGARÁLAG (CSD) Á FIMM ÁRA SKULDABRÉF VALINNA ÞJÓÐRÍKJA

Land	Álag	Punktur
Noregur - ríkisskuldabréf	AAA	7,6
Finnland - ríkisskuldabréf í erlendri mynt	AAA	8,7
Svíþjóð - ríkisskuldabréf í erlendri mynt	AAA	12,5
Tékkland	A	41,2
Slóvakía	A	44,8
Ítalía - ríkisskuldabréf í erlendri mynt	AA-	45,7
Chile	A	58,8
Malasía - ríkisskuldabréf í erlendri mynt	A-	87,4
Kórea	A+	88,8
Taíland - ríkisskuldabréf í erlendri mynt	BBB+	104,7
Mexíkó - ríkisskuldabréf í erlendri mynt	BBB+	119,3
Litháen - ríkisskuldabréf í erlendri mynt	A	140
Eistland - ríkisskuldabréf í erlendri mynt	A	141,5
Brasilía - ríkisskuldabréf í erlendri mynt	BB+	148
Panama - ríkisskuldabréf	BB+	179,4
Ísland - ríkisskuldabréf í erlendri mynt	A+	191,2
Kólumbía - ríkisskuldabréf í erlendri mynt	BB+	192,4
Suður-Afríka - ríkisskuldabréf	BBB+	196,5
El Salvador - ríkisskuldabréf í erlendri mynt	BB+	199
Lettland - ríkisskuldabréf í erlendri mynt	BBB+	214,8
Gvatemala - ríkisskuldabréf	BB+	217,5
Tyrkland - ríkisskuldabréf í erlendri mynt	BB-	239,9
Kasakstan - ríkisskuldabréf í erlendri mynt	BBB	251,5
Argentína - ríkisskuldabréf í erlendri mynt	B	525,2

PUNKTSTAÐA Í SAMANBURÐI

Skuldtryggingarálag á útgáfu íslensku ríkisins er há miðað við lánshæfiseinkunn þá sem ríkið hefur. Í samanburði þjóða má sjá að bréf ríkisins eru með álag á borð við þjóðir með mun lakara lánshæfismat, svo sem Kólumbíu, Lettland og Gvatemala. Hér til hlíðar sést punktstaða álags á skuldabréf þjóðríkja eins og hún var undir lok síðasta mánaðar. Álag á bréf íslensku ríkisins hefur hækkað nokkuð síðan þá og er nú yfir tveimur prósentustigum (200 punktum).



Latitude™ D630
204.900 kr.
164.578 kr. án VSK

Intel® Core™2 Duo örgjörvi T7700, 2,4 GHz
(4MB L2 cache, 800 MHz FSB)
Microsoft Windows XP™ Professional
2GB, 667MHz, DDR2, SDRAM vinnsluminni
120GB harður diskur
8x DVD+/-RW geisladrif
nVidia Quadro NVS 135M skjákort
með 128MB minni
14,1" WXGA+ LCD skjár (1440 X 900 upplausn)
3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS / 1 ár á rafhlöðu

Vertu tengdur á ferð og flugi

Við kynnum Latitude D630 - léttu, þunna og geysiöfluga fartölvu fyrir athafnafólk. D630 fullnýtir afkastagetuna með auknum líftíma rafhlöðu, sparneytnu NVIDIA grafíkkorti, björtum breiðskjá og fjölmörgum þráðlausum lausnum sem tryggja nær takmarkalaus tengingu.

DELL™

FYRIRVARAR: Verð er tilboðsverð með vsk. og gildir meðan birgðir endast. Verð miðast við gengi og getur breyst án fyrirvara. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

Intel, the Intel logo, Intel Core, and Core Inside are trademarks of Intel Corporation in the U.S. and other countries. © 2007 Dell Corporation Limited. Dell, the Dell logo, Latitude are registered trademarks or trademarks of Dell Inc..

Það er til lausn á öllu

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / Sími 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / Sími 463 3000

Penninn / Hallarmúla 4, Reykjavík / 540 2000 // R.Sigmundsson / Fiskisól 84, Reykjavík / 520 0000 // Penninn Eymundsson / Sólvalldagötu 2, Reykjanesbær / 421 1102 // Tölvu- og rafeindafjónusta Suðurlands / Eyrarvegi 37, Selfoss / 480 3300 // Tölvun / Strandvegi 51, Vestmannaeyjar / 481 1122 // BVT / Austurvegi 15, Vík / 487 1510 // Bókaverstun flórarins Stefánssonar / Ganarsbraut 9, Húsavík / 464 1234 // Penninn / Hafnarstræti 91-93, Akureyri / 540 2180 // Netheimar / Alstræti 27, Ísafjörður / 456 5006 // Kaupfélag Skagfirðinga / Ártorgi 1, Sauárkrúkur / 455 4500 // Mareind / Nesvegi 7, Grundarfjörður / 438 6611 // Omnis / Brúartorgi 4, Borgarnes / 433 0300 // Omnis / Dalbraut 1, Akranes / 433 0300 // Omnis / Tjarnargötu 7, Reykjanesbær / 422 0300 // Martólvan / Litlu Brú 1, Höfn í Hornafirði / 478 1300



77 milljarðar króna geymdir í

Rannsókn Indriða H. Þorlákssonar, fyrrverandi ríkisskattstjóra, sýnir að stór hluti erlendrar hlutabréfaeignar í skráðum sem geymd eru í skattaskjólum nemur hátt í áttatíu milljarða íslenskra króna miðað við núverandi markaðsvirði. Ingima að tæpir 400 milljarðar eru skráðir í Hollandi og Lúxemborg þaðan sem stutt er í skattaskjól.

Skattahneykslið í Þýskalandi teygir anga sína víða um lönd, nú síðast allt frá Sviss til Cayman-eyja í Karíbahafi. Þýsk yfirvöld keyptu af uppljóstrara upplýsingar um vel á annað þúsund leynilega bankareikninga í smárikinu Liechtenstein, sem telst vera í hópi svonefndra skattaparadísna.

ERLEND FJÁRMUNAEIGN

Bein fjármunaeign erlendra aðila á Íslandi*	2004	2005	2006
Norðurlönd	13.059	15.405	18.506
Belgía/Lúx	53.756	70.657	178.016
Holland	379	117.127	211.767
Aflandssvæði	20.272	44.615	61.661
Annað í Evrópu	13.361	15.079	24.503
Utan Evrópu	26.619	33.668	43.955
Samtals	127.445	296.550	538.407

* Fjárhæðir í milljónum króna

SÁ HELMINGUR FÉLAGA ÞAR SEM ERLEND EIGNIN ER MEST

Hlutfallslegt eignarhald í félögum í Kauphöll eftir uppruna:	
Önnur Kauphallarfélög	9,6
Lífeyrissjóðir	9,7
Erlendir aðilar	54,6
- þar af í Hollandi	19,9
- þar af í Lúxemborg	19,0
- þar af á aflandssvæðum	6,2
- í öðrum útlöndum	10,6
Aðrir	26,1

HLUTFALL EIGNAR ALLS

Hlutfallslegt eignarhald í félögum í Kauphöll eftir uppruna:	
Önnur Kauphallarfélög	10,3
Lífeyrissjóðir	6,3
Erlendir aðilar	31,5
- þar af í Hollandi	9,5
- þar af í Lúxemborg	11,5
- þar af á aflandssvæðum	4,1
- í öðrum útlöndum	6,5
Aðrir	51,9

Jómfrúaeypjum og eyjum á Ermarsundi. Sex og hálf prósent eru geymd í öðrum löndum.

HRINGFJÁRFESTINGAR

Indriði vekur athygli á því að fjárfestingar Íslendinga í tilteknum löndum hafi vaxið mikið og bendir á að fjárfesting hér frá þessum sömu löndum hafi aukist til samræmis. Hann birtir í grein sinni yfirlit yfir þessar

fjárfestingar. Samkvæmt tölum Seðlabankans hafi bein fjármunaeign erlendra aðila hér á landi í hittíðfyrra numið tæpum 540 milljónum króna. Langstærstur hluti þessa komi frá Lúxemborg, Hollandi og aflandssvæðum, eða skattaparadísnum. Hlutdeild Lúxemborgar og Hollands, auk skattaskjólanna, hafi aukist frá því að vera tíu prósent fyrir fáum árum og yfir 80 prósent í hitteðfyrra.

„Ólíklegt verður að teljast að fjármagn til fjárfestinga hér á landi frá framangreindum löndum sé raunverulega upprunnið þar og sé í eigu aðila sem þar eru heimilisfastir í reynd,“ segir Indriði í greininni.

ÍSLENSKT ANNARS STAÐAR

„Í ljósi þessara upplýsinga úr skýrslu Seðlabankans má gera ráð fyrir að bein erlend fjármunaeign hér á landi sé að stórum hluta fjármunir í eigu íslenskra aðila sem flutt hafa fé þangað og nota til að fjárfesta aftur á Íslandi,“ segir Indriði

Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, benti á það ekki alls fyrir löngu að erlent eignarhald fyrirtækja í Kauphöllinni hefði í september numið 41 prósent og hefði aukist mikið frá sama tíma í fyrra. Aukningin væri merki um aukna erlenda fjárfestingu hérlandis þótt ljóst væri að mikið væri um að Íslendingar geymdu eign sína í erlendum félögum.

ÞRIÐJUNGUR INNLENDRAR EIGNAR ERLENDIS Athugun Markaðarins leiddi í ljós að í stærstu fyrirtækjunum í Kauphöllinni væri að líkindum stór hluti erlendrar eignar í raun íslenskur.

Svo nokkur dæmi séu tekin ætti Exista B.V., félag sem skráð er í Hollandi, næstum fjórðungshlut í Kaupþingi. Exista B.V. er að öllu leyti í eigu Exista hér heima. Exista er svo aftur í eigu Bakkabraedur Holding B.V., félags sem skráð er í Hollandi. Þá væri næststærsti eigandi Kaupþings Eglu Invest B.V., félag í eigu íslenskra aðila. sem einnig er skráð í Hollandi.

Stærsti eigandi Alfesca er Kjar Invest B.V. sem er í eigu Íslendinga.

FL Group geymir þriðjungshlut sinn í Glitni í hollenskum félögum.

Þetta staðfestist í athugun Indriða H. Þorlákssonar. Hann fór yfir hluthafalista skráðra félaga en gekk skrefinu lengra. hann hafði uppi á ársskýrslum félaga hjá Ársreikningaskrá. Í ársskýrslu á að geta um alla sem eiga tíu prósent hlut eða meira í félagi. Þannig má komast lengra og komst hann þannig til að mynda að því að félög sem skráð eru til heimilis í skattaskjólum eigi hlutabréf í skráðum íslenskum félögum.

Samkvæmt athugun hans eru um tíu prósent hlutfjár í íslenskum félögum í eigu aðila í Hollandi. Annað eins, og raunar lítillega meira, í eigu aðila í Lúxemborg. En það

sem sjálfsagt vekur mesta athygli er að 4,1 prósent eignarhalds íslenskra skráðra félaga er hjá félögum sem skráð eru á aflandssvæðum, eða skattaparadísnum.



INDRIÐI H. ÞORLÁKSSON Kannaði hvar eignarhluti í fyrirtækjum sem skráð eru í Kauphöllina eiga uppruna sinn. Stór hluti er í eigu félaga með heimilisfesti í Hollandi og Lúxemborg. Mikið er einnig geymt í skattaparadísnum.

Erlend félög í hópi stærstu hluthafa

Rannsókn Indriða H. Þorlákssonar miðast við tuttugu stærstu hluthafa í félögum sem skráð eru í Kauphöllinni. Hér er birtur listi yfir tíu stærstu hluthafana í þeim félögum þar sem erlent eignarhald er mest. Samkvæmt grein Indriða er erlent eignarhald í þessum félögum, sem að líkindum má rekja til íslenskra aðila, yfir fimmtíu prósent. Um fimmtíu prósent má rekja til Hollands, annað eins til Lúxemborgar og yfir sex prósent til félaga sem eiga heimilisfesti á aflandssvæðum. B.V. merkir að félag sé skráð í Hollandi. S.a.r.l. táknar skráningu í Lúxemborg. Stundum þarf að fara dýpra en í hluthafalistann sem birtur er í Kauphöllinni til að finna hvar félag er skráð. Indriði fór yfir ársreikninga félaga sem eru skráðir eigendur félaganna á hluthafalistunum.

Grein Indriða H. Þorlákssonar er aðgengileg á vefslóðinni: http://web.mac.com/inhauth/Indri%C3%B0i_H_%C3%9Eorl%C3%A1ksson/Vefrit.html.

TÍU STÆRSTU EIGENDUR SKRÁÐRA FÉLAGA Í KAUPHÖLL ÍSLANDS ÞAR SEM ERLENT EIGNARHALD ER MEST

ALFESCA		BAKKAVÖR GROUP		EIMSKIPAFÉLAGIÐ		EXISTA		FLAGA GROUP	
Kjar Invest B.V.	39,67%	Exista B.V.	39,63%	Frontline Holding S.A.	33,18%	Bakkabraedur Holding B.V.	45,21%	Exista B.V.	22,01%
Kaupþing banki hf.	19,10%	Gildi - lífeyrissjóður	6,38%	Fjárfestingarfélagið Grettir hf.	33,15%	Kista-fjárfestingarfélag ehf.	8,94%	Kaupþing banki hf.	19,23%
Glitnir banki hf.	7,31%	Lífeyrissjóður verslunarmanna	5,69%	Landsbanki Luxembourg S.A.	8,57%	Gift fjárfestingarfélag ehf.	5,42%	Lífeyrissjóðir Bankastræti 7	11,33%
Straumur-Burðarás Fjárfest hf.	6,56%	Lífeyrissjóðir Bankastræti 7	5,42%	Eyfirðingur ehf.	3,60%	Castel (Luxembourg) SARL	5,10%	ResMed Inc.	6,62%
Citibank	5,25%	Lauren & Alysia Investments (LU)	3,72%	GLB Hedge	2,71%	Arion safnreikningur	5,08%	Eignarhaldsfélagið Stofn ehf.	5,04%
Stafir lífeyrissjóður	5,12%	Antonios Prodromou Yerole mou	3,45%	HF Eimskipafélag Ísl. (Eigin hlutir)	1,95%	Sparisjóður Reykjavíkur/nágr. hf.	3,02%	Kaupþing Ís-15	4,06%
Gildi - lífeyrissjóður	4,40%	Stella Andreou	2,43%	Peter Gordon Osborne	1,48%	Icebank hf.	2,47%	BOP ehf.	3,54%
GLB Hedge	2,17%	Eleni Pishiris	2,43%	Stephen John Savage	1,48%	AB 47 ehf.	2,34%	Helmke Ingrid Margret Priess	2,61%
Arion safnreikningur	1,29%	The Demos 2004 Settlement	2,43%	Stephen Geoffrey Dargavel	1,48%	Gildi - lífeyrissjóður	2,04%	Lífeyrissjóður verslunarmanna	2,08%
Landsbanki Íslands hf., aðalstöðv.	1,21%	Panikos Joannou Katsouris	2,43%	Landsbanki Íslands hf., aðalstöðv.	1,47%	Den Danske Bank A/S	2,03%	Landsbanki Luxembourg S.A.	2,03%
GLITNIR		KAUPÞING		LANDSBANKI ÍSLANDS		STRAUMUR-BURÐARÁS		ÖSSUR	
FL Group Holding Netherlands B.	7,74%	Exista B.V.	23,02%	Samson eignarhaldsfélag ehf.	40,73%	Samson Global Holdings S.a.r.l.	32,89%	William Demant Invest A/S	34,27%
FL GLB Holding B.V.	13,11%	Arion verðbréfavarsla - Safnr/sænsk bréf	11,80%	Landsbanki Luxembourg S.A.	6,87%	Landsbanki Luxembourg S.A.	23,80%	Eyfir Invest ehf.	19,87%
Páttur International ehf.	7,00%	Eglu Invest B.V.	9,88%	Landsbanki Íslands hf., aðalstöðv. (Eigin hlutir)	4,11%	Straumur-Burðarás Fjárfest hf. (Eigin hlutir)	6,72%	Mallard Holding S.A.	8,87%
Saxbygg Invest ehf.	5,00%	Arion safnreikningur	5,02%	Lífeyrissjóður verslunarmanna	2,97%	Löngusker ehf.	3,75%	Vik Investment Holding S.a.r.l.	5,78%
Jötunn Holding ehf.	4,85%	Gift fjárfestingarfélag ehf.	3,61%	LI-Hedge	2,88%	Lífeyrissjóður verslunarmanna	1,81%	ATP-Arbejdmarkedets Tillægspens	3,47%
LI-Hedge	4,58%	Lífeyrissjóður verslunarmanna	3,56%	ÍslandsbankiFBA - safnreikningur	2,76%	Kaupþing Ís-15	1,66%	Gildi - lífeyrissjóður	3,02%
Stím ehf.	4,30%	Lífeyrissjóðir Bankastræti 7	3,46%	LB Holding Ltd.	2,47%	Lífeyrissjóðir Bankastræti 7	1,42%	Lífeyrissjóður verslunarmanna	1,86%
Glitnir banki hf. (Eigin hlutir)	3,61%	Gildi - lífeyrissjóður	3,17%	Lífeyrissjóðir Bankastræti 7	2,40%	Stafir lífeyrissjóður	1,01%	Sameinaði lífeyrissjóðurinn	1,81%
GLB Hedge	2,83%	Holt Investment Group Ltd.	2,30%	Arion safnreikningur	2,39%	Straumur fj.fest.banki hf. - Safnreikningur	0,97%	Arion safnreikningur	1,81%
Salt Investments ehf.	2,30%	Kaupþing banki hf. (Eigin hlutir)	1,51%	Smáey ehf.	2,21%	Sameinaði lífeyrissjóðurinn	0,94%	Lífeyrissjóðir Bankastræti 7	1,52%

skattaparadísunum

Íslenskum félögum er í rauninni innlendir. Verðmæti hlutabréfa
er Karl Helgason rýndi í rannsókn Indriða og komst einnig að því

MILLJARÐATUGIR GEYMDIR Í SKATTASKJÓLUM

Verðmæti hlutabréfa hér á landi hefur hrundið á undanförunum mánuðum. Markaðsverðmæti allra skráðra félaga er nú um 1.895 milljarðar króna, Samkvæmt því má ætla að virði þeirrar hlutabréfaeignar sem geymd er í fyrirtækjum með heimilisfesti í skattaskjólum nemi ríflega 77 milljörðum króna. Hátt í fjögur hundruð milljarða króna hlutabréfaeign er skráð í Hollandi og Lúxemborg.

Fram kemur í grein Indriða að í Lúxemborg sæti eignarhaldsfélög útlendinga lítilli eða engri skattlagningu á tekjur sem koma erlendis frá. Þaðan fáist enn fremur takmarkaðar upplýsingar um félögin og eigendur þeirra.

Hvað Holland varðar sé skattalöggjöf þar áþekkt því sem gerist í flestum ríkjum Evrópu. Tvennt kunni þó að skýra íslenskar fjárfestingar þar sérstaklega. „Fyrirum nýlendar Hollands, sem nú eru svokölluð verndarsvæði, og teljast sum hver til skattaparadísa, njóta sérstöðu í Hollandi í skattalegu tilliti sem gerir það að verkum að auðvelt er að færa óskattlagt fé á milli.“

Hitt sem kunni að hafa áhrif sé að enginn afdráttarskattur sé lagður á arð sem greiddur sé milli Íslands og Hollands, samkvæmt tvísköttunarsamningi landanna. „Má því gera ráð fyrir að hagnaður sem þangað er fluttur eigi sér greiða leið annað,“ segir Indriði í greininni.

HVAÐA FYRIRTÆKI ERU ÞETTA?

Indriði H. Þorláksson sundurgreindir ekki eignarhald í einstökum fyrirtækjum eða hlutdeild einstaklinga. Hins vegar kemur fram í grein hans að í hópi þeirra fyrirtækja, þar sem erlenda eignaraðildin er stærst séu einkum fjármálafyrirtæki, bankar og stór eignarhaldsfélög. Þessi félög séu Straumur-Burðarás, Bakkavör Group, Landsbanki Íslands, Óssur, Exista, Eimskipafélagið, Kaupþing, Alfesca, Glitnir og Flaga Group.

Í þessum fyrirtækjum er, samkvæmt grein Indriða, yfir helmingur eignarhaldsins erlendir. Sé eignarhaldið sundurgreint eftir svæðum er tæplega fimmtungur í eigu aðila í Hollandi, tæplega fimmtungur í Lúxemborg og 6,2 prósent eru í eigu aðila sem hafa heimilisfesti á aflandssvæðum, eða í skattaparadísunum.

Afdráttarskattur

Afdráttarskattur getur verið dregin af arðgreiðslum, vöxtum, þóknunum og öðrum kostnaði, sérstaklega ef greiðslur fara fram til erlendra aðila. Þegar erlendir aðilar greiða þannig tekjur enn áfram til þriðja aðila sem á uppruna sinn að rekja til þess lands sem greiðslan kom upphaflega frá, geta að skattfyrirvöld dregið aukalegan afdráttarskatt af slíkri greiðslu þrátt fyrir að þær séu ekki inntar af hendi af aðila í viðkomandi landi.*

* Tax.is

ARÐURINN ÚR LANDI?

Stærstu fjármálafyrirtæki landsins greiddu tæpan fjórðung af hagnaði sínum í hitteðfyrri út sem arð í fyrri. Alls fengu þúsundir hluthafa samanlagt um 71 einn milljarð króna í sinn hlut. Samkvæmt lögum um fjármagnstekjuskatt hefði tíund af þessu, eða um sjö milljarðar króna, átt að renna í ríkiskassann.

Indriði bendir hins vegar á í grein sinni að í tilviki þeirra félaga sem áður voru nefnd eigi erlendir aðilar að jafnaði yfir helming hlutafjár. Hin erlenda eignaraðild sé að fjórum fimmtu hlutum frá félögum í Hollandi, Lúxemborg eða aflandssvæðum. „Einingis um fjórðungur eignarhalds í þeim er hjá félögum þar sem líkur eru á að þau eða eigendur þeirra greiði skatt hér á landi af útlutunum arði eða söluhagnaði. Aðrir eigendur eru annað hvort lifeyrissjóðir, sem eru skattfrjálsir, eða erlendir aðilar sem litlar líkur eru á að greiði hér skatt sem nokkru nemur,“ segir Indriði.

HVAÐ ERU SKATTAPARADÍSIR?

Indriði segir að aflandssvæði, eða skattaparadísir, séu lönd eða landsvæði þar sem erlendir aðilar fá skattaskjól. Með öðrum orðum séu ekki lagðir skattar á erlenda aðila og erlendum yfirvöldum séu veittar takmarkaðar upplýsingar um félög sem þar starfa. Yfirleitt sé félagalöggjöf þar í molum, engar kröfur séu gerðar um reikningshald og fleira. Þá sé skráning félags oftast en ekki mála-myndagjöfningur, enda séu þúsundir félaga sem skráð séu á þessum svæðum einungis skúffufyrirtæki.

Skattaparadísir sem tengist skráðum félögum í Kauphöllinni séu einkum Bresku Jómfrúaeypjar og eyjar á Ermarsundi.

Aðrar skattaparadísir, samkvæmt lista OECD, eru til að mynda Andorra, Belís, Mónakó, Hollensku Antillur og Maldíveypjar.

EKKI ÓLÖGLEGT AÐ SKRÁ EIGN ERLENDIS

Þótt eignin sé geymd í erlendum félögum er ekki þar með sagt að menn svíki undan skatti eða að skráningin sé í sjálfu sér ólögleg. Til að mynda verður ekkert fullyrt um slíkt þótt félög séu skráð í Lúxemborg, á Ermarsundi eða á Kýpur.

Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri segir að skattfyrirvöld hérlandis fylgist með þessum erlendu skráningum „en það er í sjálfu sér ekkert ólöglegt við þær“.

Bryndís Kristjánsdóttir skattrannsóknarstjóri segir að fyrir fáum árum hafi skattsvikamál með erlendum tengingum verið nær óþekkt. Hins vegar hafi slíkum málum fjölgað mikið undanfarin ár.

Ætla má að skattsvik í gegnum erlend félög hafi

numið um fimmtán milljörðum króna undanfarin þrjú ár. Fram kemur í skýrslu starfshóps sem mat umfang skattsvika hér á landi árið 2003 að ætla megi að slík skattsvik nemi um einu til einu og hálfu prósent af tekjum ríkisins.

Rétt er að taka fram að hér er ekkert fullyrt um að einstakir aðilar, menn eða félög, stundi skattsvik með því að skrá félag eða félög erlendis.

PÖRF Á LAGABREYTINGUM?

Indriði fullyrðir í grein sinni að erlent eignarhald á íslenskum félögum, raunverulegt eða dulið íslenskt eignarhald, hafi mikil áhrif á tekjur ríkissjóðs. Hluti af tekjum og hagnaði falli til aðila eða félaga erlendis sem ýmist greiði skatta þar eða alls ekki, séu félögin skráð „í vafasömu skattaumhverfi“.

Indriði segir óviðunandi út frá jafnræðis-sjónarmiðum og skaðlegt öllu skattasiðferði „að þeir sem til þess hafa vilja og aðstöðu geti sniðgengið íslenska hagsmuni svo freklega sem þeim sýnist“.

Hann segir að skattalög hér hafi ekki þróast með tilliti til aðstæðna. Mestu skipti skortur á svonefndri CFC-löggjöf. Slík lög skylda innlenda aðila til að upplýsa um eignir og tekjur erlendra félaga í þeirra umráðum og skattleggur tekjurnar ef þær sæta ekki almennri skattlagningu í upprunalandinu.




SÓLIN SEST Í SKATTAPARADÍSINI Cayman-eyjar eru samkvæmt Der Spiegel fimmta stærsta fjármálamiðstöð heimsins og alræmt skattaskjól.

Frá Sviss til Cayman

„Ég vil að svissneski fjármálaheimurinn verði heiðarlegri og siðlegri,“ segir Rudolf Elmer, svissneskur fyrrverandi bankamaður, í samtali við Der Spiegel. Hann hefur birt leynilegar upplýsingar um ýmsar færslur Julius Bäreinkabankans í Sviss. Málið tengist ýmsum vafasömum færslum frá bankanum til banka á Cayman-eyjum. Bankinn mun bæði hafa fært fé fyrir viðskiptavini sína og sjálfan sig til að komast hjá skattgreiðslum í Sviss.

Málið þykir minna á skattahneykslið í Þýskalandi, þar sem yfirvöld keyptu upplýsingar um á annað þúsund leynilega reikninga í smáríkinu Liechtenstein. Vel á fimmta þúsund manna af ýmsum þjóðernum tengjast málinu. Yfirvöld hér á landi, annars staðar á Norðurlöndum, í Hollandi, Ítalíu og Ástralíu hafa óskað eftir gögnum um málið frá Þýskalandi. Þá hafa Bretar og Bandaríkjamenn einnig samið við uppljóstraran sem seldi Þjóðverjum upplýsingar um bankann í Liechtenstein.

HUNDRUÐ MILLJARÐA TIL BENELÚX-LANDA OG ERMARSUNDSEYJA



MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkid...

Fjöldi Íslendinga hefur fært eignir sínar til útlanda.

Skattasamkeppni er fólkinu mikilvæg

Björgvin Guðmundsson

Einstaklingar hafa alltaf leitað leiða til að flýja yfirgang og kúgun ríkisvaldsins. Stundum er sagt að fólk hafi kosið með fótunum og valið sér búsetu þar sem mestar líkur eru á að það geti fullnægt markmiðum í lífinu án fhlutunar yfirvalda. Nú á tímum er hægt að ná þessum markmiðum án þess að flytja úr landi.

Í úttekt Markaðarins í dag er greint frá því að eigendur stærstu fyrirtækja í Kauphöll Íslands velji að vista eignir sínar og rekstur erlendis. Andvirði tæplega 400 milljarða króna er þannig geymt í félögum sem skráð eru í Hollandi og Lúxemborg samkvæmt könnun Indriða H. Þorlákssonar, fyrrverandi ríkisskattstjóra. Verðmæti hlutabréfa sem eru geymd í svokölluðum skattaskjólum nemur hátt í áttatíu milljarða króna.

Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, hefur bent á það í Markaðnum að erlent eignarhald fyrirtækja í Kauphöllinni hefði í september 2007 numið 41 prósent og aukist mikið frá sama tíma í fyrra. Samkvæmt úttekt Markaðarins er stór hluti þessara eigna í eigu Íslendinga.

Í Lúxemborg sæta eignarhaldsfélög útlendinga lítilli eða engri skattlagningu á tekjur sem koma erlendis frá því er fram kemur í miðopnuúttekt Markaðarins. Þaðan fást enn fremur takmarkaðar upplýsingar um félögin og eigendur þeirra.

Í Hollandi er skattalöggjöf áþekkt því sem gerist í flestum ríkjum Evrópu. Tvennt kann að skýra fjárfestingar Íslendinga þar að mati Indriða. Fyrrverandi nýlendur Hollands, sem nú eru svokölluð verndarsvæði, njóta sérstöðu í Hollandi í skattalegu tilliti. Það gerir það að verkum að auðvelt er að færa óskattlagt fé á milli félaga.

Einnig er enginn afdráttarskattur lagður á arð sem greiddur er á milli Íslands og Hollands samkvæmt tvísköttunarsamningi landanna. Indriði gerir ráð fyrir að hagnaður sem þangað er fluttur eigi greiða leið annað.

Það er ljóst að ríkissjóðir verða af skatttekjum vegna þess að fólk flytur eignir sínar þangað sem skattar eru hagkvæmari. Í því sambandi hefur í nokkur ár verið unnið gegn svokölluðum skattaskjólum og reynt að þvinga í gegn löggjöf um samræmda skattastefnu og upplýsingagjöf milli landa.

Mikilvægt er að hafa í huga að fæstir þeir sem flytja eignir sínar milli landa eru að brjóta lög. Einstaklingum ber þó að greina skattyfirvöldum í heimalandi frá eignum sínum erlendis. Nýlegt mál í Liechtenstein, þar sem upplýsingar um eigendur bankareikninga voru seldar þýskum yfirvöldum, snýr einmitt að þessu. Nokkur ríki neita að gefa upplýsingar um hverjir geyma verðmæti innan þeirra landamæra.

Skattasamkeppni á milli landa er jafn sjálfsögð og samkeppni fyrirtækja á markaði. Skattasamræming er leið ríkisstjórnaklúbba, eins og OECD og Evrópusambandsins, til að skapa með sér samráð um skattlagningu borgaranna.

Flestir sem telja sig á bandi réttlætisins reka upp ramakvein þegar þeir heyra talað um samráð. Í því ljósi ættu hinir sömu að berjast gegn því að ríki taki sig saman til að koma í veg fyrir flóttaleiðir fyrir fólk og fjármagn þangað sem skattar eru lágir.

Skattasamkeppni ríkja stuðlar að ákveðnu aðhaldi sem allar ríkisstjórnir þurfa til að halda skattheimtu í lágmarki. Okkur er ekki síður mikilvægt í dag að vita af leiðum til að flýja kúgun og yfirgang ríkisvaldsins en fyrr á öldum.

bjorgvin@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | ingimar@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | jsk@markadurinn.is | oliv@markadurinn.is | sindri@markadurinn.is



Ársreikningar
Bókhald
Skattframtöl

MARKAÐURINN
**Einfalt
mál**
á www.visir.is
alla daga



Ný vandamál – nýjar lausnir

ORÐ Í BELG

Bjarni Már
Gylfason
hagfræðingur
Samtaka iðnaðarinnar



Frá því að núverandi fyrirkomulag peningamála var tekið upp á Íslandi árið 2001 hefur verðbólga verið meira og minna yfir verðbólgu markmiði þrátt fyrir afar háa stýrivexti. Að stærstum hluta skýrist það af hækkan fasteignaverðs á árunum 2004 til 2006 auk þess sem sterkt gengi krónunnar á tímabilinu jók verulega einkaneyslu og þar með eftirspurn í hagkerfinu. Miklar fjárfestingar ýttu einnig undir þrýsting. Vinnu- markaðurinn var þannig og launaskrið í ýmsum atvinnugreinum ýtti undir verðbólgu þótt mikil fjölgun útlendinga á vinnumarkaðnum hafi slegið á launaþrýsting. Með öðrum orðum kynti mikil eftirspurn undir verðbólgu í hagkerfinu. Hefðbundin hagstjórnarviðbrögð við verðbólgu af þessu tagi eru að hækka vexti og auka aðhald í opinberum rekstri til að reyna að hemja eftirspurn. Vissulega var það reynt en árangurinn hefur látið á sér standa eins og víðtækt ójafnvægi ber skýr merki um.

FLJÓTT SKIPAST VEÐUR Í LOFTI

Á fáeinum mánuðum virðist hagkerfið hægja verulega á sér. Ógnarháir vextir bíta fast, velta á fasteignamarkaði hefur minnkað mikið og hratt slaknar á spennu á vinnumarkaði. Verðbólgan er enn mikil en undirritur hennar er nú önnur en áður. Hún skýrist fyrst og fremst af miklum kostnaðarhækkunum.

Gengi krónunnar er að veikjast, hráefnaverð hefur hækkað, matvælavæð er á uppleið, olíuverð er í hæstu hæðum, fjármagnskostnaður er gífurlegur og nýgerðir kjarasamningar leggja þungt á sum fyrirtæki. Óhjákvæmilega verða fyrirtækin að varpa að minnsta kosti hluta af þessum kostnaðarhækkunum út

í verðlagið. Á sama tíma er eftirspurn að dragast saman. Þetta ástand minnr á það sem hagfræðin nefnir „stagflation“ sem stundum er nefnt kreppu- eða kostnaðarverðbólga. Á áttunda áratug síðustu aldar einkenndist efnahagsbúskapur margra landa af þessu ástandi í kjölfar olíukreppu. Slíkt ástand ríkti á Íslandi á árunum 1988-1992 þegar verðbólga var mikil, gengisfellingar tíðar og hagvöxtur neikvæður. Atvinnuleysi var þó aldrei mikið en í kjölfar þess að verðbólgan var kveðin niður jókst atvinnuleysi verulega á árunum 1992 til 1997.

Líklega er of sterkt til orða tekið að tala um kreppu í dag en flestum virðist ljóst að einhver samdráttur er yfirvofandi. Við þetta ástand verður baráttan við verðbólgu annars eðlis en þegar verðbólga skýrist af síaukinni eftirspurn. Í hagfræði er stundum talað um neikvæðan framboðsskell. Við höfum ekki glímt við ástand af þessu tagi eftir að gengið var sett á flot og verðbólgu markmiði tekið upp. Stóra spurningin er því hvernig á að takast á við breyttar aðstæður og hverjar verða afleiðingarnar.

LAUSNIR VANDFUNDNAR

Vaxtahækkun eða áframhaldandi hávaxtastefna, sem væri hefðbundin leið til að bregðast við verðbólgu, myndi auka við þann samdrátt sem þegar virðist yfir-

vofandi. Atvinnuleysi yrði meira og gjaldþrot fleiri. Í staðnandi verðbólguhagkerfi hefur þetta verið gert með nokkuð góðum árangri en ferlið er sársaukafullt. Draga má í efa að slík leið sé hagfelld hérlendis þar sem gengi krónunnar er mjög næmt fyrir breytingum í vöxtum. Áframhaldandi hávaxtastefna mun halda áfram að spennna gengið sem getur gefið eftir hvenær sem er og aukið enn á verðbólgu. Þannig mun óstöðugt gengi og væntingar um gengisfall festa í sessi væntingar um háa verðbólgu.

Vaxtalækkun ætti, að minnsta kosti fræðilega, að ýta undir einkaneyslu og örva þannig hagkerfið. Vandinn er sá að það myndi líklega stuðla að veikingu krónunnar sem aftur eykur verðbólgu og getur haft neikvæð áhrif á væntingar. Þessar aðstæður sýna glögglega í hve miklum vanda peningastefnan er við að leysa undirliggjandi efnahagsvanda. Smávægileg lækkun vaxta er þó vænlegri kostur því það mun senda þau skilaboð að Seðlabankinn ætli sér ekki að keyra efnahagslífið í kaf og að erlendir aðilar geti ekki endalaust nýtt sér vaxtamuninn. Aðstæður á fjármálamörkuðum eru einfaldlega nógu erfiðar fyrir. Óþarft er fyrir Seðlabankann að bæta gráu ofan á svart.

MÓTUM EIGIN FRAMTÍÐ

Til skamms tíma er fyrirbyggjandi verkefni að endurvinnna traust á íslensku efnahagslífi og sannfæra fólk, einkum erlenda fjárfesta, um að hér ætli menn að einsetja sér að koma efnahagslífinu á rétta braut. Nýleg skattalækkun á fyrirtæki er mikilvægt skref í því. Til lengri tíma litið þarf hins vegar að stuðla að því að öflugt atvinnulífi geti haldið áfram að vaxa og dafna. Aukin framleiðslugeta, framleiðni og verðmætasköpun er lykilatriði. Hvergi í heiminum geta hins vegar orðið efnahagslegar framfarir og sjálfbær hagvöxtur þegar verðbólga og efnahagslegt ójafnvægi er viðvarandi. Við þurfum því nýtt umhverfi fyrir hagstjórnina í landinu og ný efnahagsleg markmið.

Það er ekki að tilefnislausu að Iðnþing 2008, sem haldið er á morgun, er tileinkað framtíðinni og þeirri spurningu hvort íslensku efnahags- og atvinnulífi farnist betur innan Evrópusambandsins og með evru sem gjaldmiðil. Krefjandi aðstæður í efnahagslífinu eru tilefni til að hugleidda aðstæður okkar og með hvaða hætti við ætlum að móta eigin framtíð.



MAÍSKORN Olíuverð er í hæstu hæðum og hefur það leitt til aukinnar eftirspurnar eftir til dæmis korni til framleiðslu á eldsneyti. Af þessu verður víxilverkun kostnaðarauka í margvíslegri matvælaframleiðslu. Greinarhöfundur bendir á að hér kunni verðbólguþrýstingur að hluta að eiga röt í auknum kostnaði fremur en eftirspurn.

MARKAÐURINN/APP

ORÐSKÝRINGIN

Stýrivextir

Stýrivextir eru þeir vextir sem yfirvöld nota til að reyna að hafa áhrif á markaðsvexti, að því er fram kemur á vef Seðlabanka Íslands. „Viðast eru þetta vextir á einhvers konar seðlabankaútlánum eða -innlánunum. Tilgangur með hækkan slíkra vaxta getur verið að draga úr ofþenslu og verðbólgu eða hækka gengi gjaldmiðils,“ segir þar. Hér eru stýrivextir þeir vextir sem Seðlabanki Íslands ákveður á fyrirgreiðslu við lánastofnanir í forni svokallaðra lána gegn veði. Í þessum viðskiptum geta lánastofnanir fengið peninga að láni frá Seðlabankanum í sjö daga gegn veði í skuldabréfum. Stýrivextir Seðlabankans eru nú 13,75 prósent. Samkvæmt áætlun tilkynnir Seðlabankinn næst um stýrivaxtaákvörðun 10. apríl.



ÚTGÁFUÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRN: Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Ingimar Karl Helgason, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Óli Kristján Árnannsson, Jón Skaltason, Sindri Sindrason AUGGLYSINGASTJÓRI: Jón Laufdal RITSTJÓRN OG AUGGLYSINGAR: Skafthlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSÍMI: 512 5000 SÍMBRÉF: 512 5301 NETFÖNG: ritstjorn@markadurinn.is og auglysingar@markadurinn.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds.

SAGAN Á BAK VIÐ... JÓN ÓLAFSSON ATHAFNAMANN, STJÓRNARFORMANN OG STOFNANDA ICELANDIC WATER HOLDINGS

Athafnamaður snýr aftur

Jón Ólafsson hefur verið áberandi í fjölmiðlum síðustu vikur. Bæði vegna velgengni við að koma á framfæri og selja íslenskt vatn á erlendis undir merkjum Icelandic Glacial og svo nú síðast vegna framvindu meiyrdámálareksturs hans í Bretlandi á hendur Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni prófessor.

Jón hefur síðustu þrjá áratugi verið farsæll í að byggja upp margvísleg fyrirtæki, en þekktastur að öllum líkindum fyrir að koma á og fara fyrir afþreyingar- og fjölmiðlaveldinu Norðurljósum, sem til varð sumarið 1999 með sameiningu Íslenska útvarpsfélagsins, Skifunnar og Sýnar.

Jón Ólafsson er 53 ára gamall, fæddur í Keflavík 6. ágúst árið 1954. Ungur að árum lét hann til sín taka við dansleikjahald og framkvæmdastjórn hljómsveita, með ungæðishætti og lífverni sem einkennt getur hljómsveitariðnað. Hann sagði hins

vegar skilið við alla óreglu og keypti skömmu eftir tvítugt litla hljómplötuverslun í Hafnarfirði. Nokkrum mánuðum síðar lét hann svo til sín taka með fleirum í hljómplötuútgáfu og þegar fram liðu stundir varð afþreyingarfyrirtækið Skífan til. Á níunda áratugi síðustu aldar jókst umfang fyrirtækisins með samningum um kvikmyndarétt. Þá var Jón meðal stofnenda Íslenska útvarpsfélagsins sem rak Bylgjuna.

Hér ágerðist svo samkeppni bæði á sviði fjölmiðla og í afþreyingariðnaði og Jón var ekki óumdeildur. Hann komst í ónáð hjá forystuöflum í Sjálfstæðisflokknum þegar hann neitaði í ársbyrjun 1990 að ráða tiltekinn mann sjónvarpsstjóra á Stöð 2 að kröfu formanns flokksins, en um þetta upplýsti Jón í viðtali við tímaritið Ský árið 2002.

Norðurljós urðu til árið 1999 og var þar orðið til öflugasta fjölmiðla- og afþreyingarfyrirtæki landsins. Síðla árs árið 2003 tók

svo Jón ákvörðun um að selja hópi fjárfesta allar eignir sínar hér á landi, sem voru umtalsverðar auk Norðurljóshlutsins. Hann átti stóran hlut í Aðalverktökum og hafði áður verið í Orcahópnum svonefnda, sem festi sér ráðandi hlut í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins (FBA) sem síðar rann inn í Íslandsbanka. Á þessum tíma voru Norðurljóshlós plöguð af skuldum og Jón sætti rannsókn skattayfirvalda. Síðla árs 2004 var Jóni gert að greiða rúmar 300 milljónir króna í endurálagningu skatta. Jón hafði á þessum tíma verið búsettur í Lundúnum í fimm til sex ár, en þar heldur hann enn heimili.

Nú er Jón Ólafsson aftur áberandi í íslensku viðskiptalífi með uppgangi Icelandic Water Holdings, sem hann stofnaði með Kristjáni syni sínum árið 2005. En í maí 2006 samdi fyrirtækið við Ölfushrepp um nýtingu á lindarvatni þar til átöppunar og sölu.



SPÁKAUPMAÐURINN

Svali í skattaforsælunni

Það er fátt betra en að gera sér ferð ýmist til Kýpur eða Karíbahafsins á frostavetrum eins og nú. Þetta er lífsnauðsynlegt. Ekki aðeins þar sem klofgræjan var komin fast við frostmark heima heldur er veturinn

tilvalinn til að endurnýja búsetuna á eyjunum og heilsa upp á þá sem þar búa. Það er ágætt endrum og eins enda gerir maður jú upp þarna, skilar inn skattframtali til barmfagurra skvísa í skuggsælum skattaparadísnum. Eða frekar – skilar ekki inn skattframtali. Þar stendur jú allt á núlli.

Það kemur meira að segja fyrir að maður hitti á kunningja, Bjögga Thor á Kýpur, sem býr í húsi ekki langt frá mínu og

ég skála stundum við í góðra vina hópi. Eða Hannes Smára á Bahama. Hann er reyndar ekki staddur í kofanum núna og segja mér kunnugir að hann hafi ekki sést lengi. Gæti verið á Barbados. Ég skildi eftir miða til hans í gær. Sagði honum að banka upp á númer 103.

En hvað um það.

Þetta eru paradísir. Pínakólað svotil gratis, stelpurnar flottar, sandurinn heitur og sjórin svalandi. Svo eru hérna stjórnvöld

sem kunna að tríta menn með peninga. Þjóða þeim vist, skjól og skugga undan löngum armi hins rammíslenska skattmanns, mönnum með tekjur, sem kunna að fara með peningana sína. Jafnvel pólitíð er huggulegt. Tekur brosandir við smápóknun sé maður slompaður undir stýri eða kitli pinnann á

röngum stað og röngum tíma.

Skiptir engu þótt ég reyni að telja þeim trú um að Bambinn bara komist ekki svona hratt.

Hér er gott að vera.

Hasta la vista, bétébé.

Spákaupmaðurinn á horninu



AÐALFUNDUR SAGA CAPITAL

Aðalfundur Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. verður haldinn laugardaginn 15. mars næstkomandi kl. 14:00 hjá Leikfélagi Akureyrar, Hafnarstræti 57, Akureyri.

DAGSKRÁ FUNDARINS:

- | | |
|---|--|
| 1. Skýrsla stjórnar um starfsemi Saga Capital á árinu 2007 | 6. Kosning stjórnar |
| 2. Endurskoðaður ársreikningur Saga Capital fyrir árið 2007 lagður fram til staðfestingar | 7. Kosning endurskoðunarfélags |
| 3. Ákvörðun um meðferð taps á árinu 2007 | 8. Ákvörðun um greiðslur til stjórnar og endurskoðunarfélags fyrir starfsárið 2008 |
| 4. Tillögur til breytinga á samþykktum Saga Capital | 9. Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutum |
| 5. Tillaga um starfskjarastefnu Saga Capital | 10. Önnur mál |

Ársreikningur félagsins, dagskrá og tillögur liggja frammi á skrifstofu Saga Capital að Hafnarstræti 53, Akureyri. Allar nánari upplýsingar, þar á meðal umboð, má finna á heimasíðu Saga Capital: www.sagacapital.is.

Stjórn Saga Capital Fjárfestingarbanka hf.

Saga Capital

FÓLK Á FERLI

SIGRÚN NANNA KARLSDÓTTIR hefur verið ráðin verkefnisstjóri í efnis-, líftækni- og orkudeild Nýsköpunarmiðstöðvar. Hún hefur lokið doktorsnámi í efnisverkfræði frá University of Michigan og er með B.Sc. gráðu í véla- og iðnaðarverkfræði.

DÓRA HLÍN GÍSLADÓTTIR hefur verið ráðin í sérverkefni í orkumálum hjá Nýsköpunarmiðstöð með starfsstöð á Ísafirði. Dóra Hlín var að ljúka meistara-gráðu í efnaverkfræði frá Kungliga tekniska höskolan og er með B.Sc. í efnaverkfræði frá HÍ.

ARNHEIDUR ELÍSA INGJALDSDÓTTIR hefur verið ráðin verkefnisstjóri hjá Evrópumíðstöð Impru. Arnheidur er með M.Sc. gráðu í „European Business and Law“ frá Handels-höskolan Aarhus Universitet og B.Sc. í viðskiptafræði.

SELMA DÖGG SIGURJÓNSDÓTTIR hefur verið ráðin verkefnisstjóri Impru á Nýsköpunarmiðstöð, Akureyri. Selma er með M.Sc. gráðu í „International Management“ frá Oxford Brookes University í Englandi og B.Sc. í viðskiptafræði.

RÓSA SIGNÝ GÍSLADÓTTIR hefur verið ráðin kynningarfulltrúi Nýsköpunarmiðstöðvar. Rósa er með M.Sc. í málvísindum frá King's College London og B.A. í málvísindum frá Macalester College í Bandaríkjunum.

Impru á Nýsköpunarmiðstöð opnaði nýverið útibú á Ísafirði og munu Arna Lára Jónsdóttir og Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir sjá um starfsemi Impru þar. Arna Lára er stjórnmalafraeðingur frá HÍ og er að ljúka meistaranámi í viðskiptafræði við sama skóla. Sigríður Ólöf er með B.Sc. gráðu í viðskiptafræði og iðnrekstrarfræði frá Háskólanum á Bifröst.

LÁRA N. EGGERTSDÓTTIR hefur verið ráðin framkvæmdastjóri fjármálasviðs 365. Hún tekur við starfinu af Viðari Þorkelssyni sem hverfur til starfa hjá FL Group. Lára hefur starfað hjá 365 í tæp 7 ár. Hún hóf störf sem rekstrarstjóri sjónvarps hjá Íslenska útvarpsfélaginu í mars 2001, varð síðan aðstoðarframkvæmdastjóri rekstrarsviðs 2004 og hefur verið framkvæmdastjóri sjónvarps og útvarps frá haustinu 2006. Lára er hagfræðingur frá Háskóla Íslands.

Auglýsingasími

512 50 50



SJÁVARÚTVEGUR

Aukning loðnukvóta skilar sex milljörðum

Hrognin í loðnunni sem veiðist nú við Íslandsstrendur eru verðmæt afurð. Helstu kaupendur eru Rússar og Japanar. Vinsældir sushis í heiminum hafa aukið eftirspurnina.

Björgvin Guðmundsson
skrifar

„Helstu markaðir fyrir þessar loðnuafurðir eru í Japan og Rússlandi. Eftirspurnin er til staðar en verðið fer eftir markaðsaðstæðum hverju sinni,“ segir Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, sem flestir þekkja sem Binna í Vinnslustöðinni.

Loðnukvótinn var aukinn um 50 þúsund tonn í fyrradag og gladdi það mjög stjórnendur þeirra útgerða sem gera út á loðnu. Er það viðbót við þau 100 þúsund tonn sem þegar var búið að heimila að veiða af loðnunni.

Sigurgeir Brynjar segir að langmesti hluti kvótans fari í loðnuhrognafurðir hjá Vinnslustöðinni. Fyrir það fæst hærra verð en ef loðnan er bara sett í bræðslu.

„Á einfaldan hátt má segja að hver loðna er skorin í tætlur. Með sérstakri aðferð eru loðnuhrognin tekin úr henni. Þetta eykur verðmætin sem við erum að skapa. Það er samt erfitt að segja til um hversu mikið við fáum fyrir þetta,“ segir Brynjar.

Valdimar Halldórsson, sérfræðingur hjá Greiningu Glitnis, segir að í fyrra hafi veiðst 308 þúsund tonn af loðnu. Útflutningsverðmæti þess afls var um 9,5 milljarðar króna. Ef skipting á milli manneldis- og mjölvinnslu verður lík og í fyrra, og í ljósi þess að afurðaverð á heimsmörkuðum er hátt og gengi krónunnar orðið hagstæðara fyrir útflytjendur, gæti verðmæti 50 þúsund tónna



STRANGT GÆÐAEFTIRLIT VIÐ HROGNAVINNLSU Kawa Morita frá Japan fylgist vel með framleiðslunni í Vinnslustöðinni þar sem Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson ræður ríkjum. Samþykki Morita að kaupa hrognin sem eru framleidd er gengið frá þökkun og hrognin sett í frystigeymslur. Sigurgeir segir að þá fari af stað samningaviðræður um verð. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRÍÐRIKSSON

loðnukvótaaukningar nálgast tvo milljarða króna að mati Valdimars.

Sigurgeir segir að tveir gæðaeftirlitsmenn frá japönskum fyrirtækjum hafi verið að bíða eftir loðnunni í Vestmannaeyjum frá því í janúar. Nú fylgist þeir vel með framleiðslunni og gæði afurða sem send eru til Japan. Kröfurnar eru miklar enda loðnuhrogn dýr og sérstök vara. Sárálítið sé veitt af loðnu í heiminum nema við Íslandsstrendur.

HVOR LEIÐIN HENTAR ÞÉR?
VIÐ FLJÚGUM YFIR 200 SINNUM Í VIKU
TIL EVRÓPU OG BANDARÍKJANNA

Það eru aðeins tvær leiðir með vörur til og frá Íslandi. Fraktflug með Icelandair Cargo býður þér hraðan og hagkvæman flutningsmáta með fraktflugi oftast en 200 sinnum í viku á milli Íslands, annarra Evrópulanda og Bandaríkjananna.

ICELANDAIR
CARGO 
– hagkvæmur flutningsmáti

LANDBÚNAÐUR

Mannfjöldi skoðaði nýju fjárhúsin

Gangur í fjárbúskap á Halldórsstöðum í Eyjafirði.


„Það mættu á milli 170 og 200 manns til að skoða nýju fjárhúsin,“ segir Rósa Hreinsdóttir, bóndi á Halldórsstöðum í Eyjafirði, sem opnaði hús sín fyrir gestum og gangandi síðastliðinn laugardag. Rósa og maður hennar, Guðbjörn Elfarsson, eru með 510 fjár á fóðrum og segir hún annan búskap lítinn. Þó séu hestar á bænum. Ástæðan fyrir nýbyggingunni hafi verið sú að þau misstu jörð og fjárhús sem þau voru með á leigu. Því var ráðist í byggingu á nýju fjárhúsi á jörðinni þeirra.

„Við erum með breiða garða og þar er hægt að gefa rúllur í heilu lagi. Það sparar mikla vinnu,“ segir Rósa og er ánægð með nýja húsið. Þau séu bara tvö

sem sjái um daglegan rekstur búans enda þurfi ekki fleiri.

Aðspurð um hvernig reksturur fjárbúa gangi almennt segir hún aðstæður nokkuð góðar núna. Auðvitað megi afurðaverð hækka meira í kjölfar hækkanu á áburði og eldsneyti. Sæmilegt jafnvægi sé á markaðnum núna eftir miklar hagræðingar í greininni. Verðið ráðist mikið eins og gengur af eftirspurn hverju sinni og því sem afurðastöðvarnar ákveði.

Rósa og Guðbjörn hafa stundað fjárbúskap frá árinu 1995. Það kom henni svolítið á óvart hversu margir mættu til hennar á laugardaginn. Allt gekk þó vel og margir ánægðir með að fá jákvæðar fréttir af landbúnaðinum.



RAGNAR ÁRNASON Ragnar, sem er prófessor í hagfræði við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, skrifaði grein í byrjun árs 2006 þar sem hann gagnrýndi peningastefnu Seðlabanka Íslands og kvað í henni fólgin kostnað vegna margvíslegrar brenglunar efnahagsstærða. Hann segir brýnt, að minnsta kosti tímabundið, að hverfa frá verðbólguþröng og tryggja fjármálastöðugleika. MARKAÐURINN/ANTON

ORKA OG IÐNAÐUR

Tækifæri fyrir Ísland

Íslensk orkufyrirtæki, verkfræðistofur og fleiri aðilar hafa mikla þekkingu á því að bjóða í nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa og tækifæri á því sviði eru mörg. Því er nauðsynlegt að Íslendingar fylgist grannt með þróun þessara mála á vettvangi Evrópusambandsins. Þetta kemur fram í grein sem Gústaf Adolf Skúlason, aðstoðarframkvæmdastjóri Samorku – samtaka orku- og veitufyrirtækja, skrifar á vef samtakanna.

Framkvæmdastjórn ESB hefur sett fram tillögu um þrjú markmið fyrir sambandið sem ná skuli árið 2020. Bæta á orkunýtingu um 20 prósent, hlutur endurnýjanlegra orkugjafa á að vera 20 prósent og draga á saman losun gróðurhúsalofttegunda um 20 prósent.

Gústaf bendir á að hérlendis sé hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa 75 prósent og stefnir í 80 prósent síðar á þessu ári. Í greininni segir hann að José Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar ESB, hafi í ræðu á fundi samtaka atvinnulífsins í Evrópu nýlega lagt áherslu á það að þessi markmiðsætning ESB myndi hafa í för með sér mikla rannsókn-



ENDURNÝJANLEG ORKA Á þessu ári verða um átta tíu prósent orkugjafa endurnýjanleg.

og þróunarvinnu. Eftirspurn eftir nýrri tækni myndi fara vaxandi um heim allan á komandi árum. Þarna þyrfti ESB að taka forystuna og í kjölfarið myndi hinn svonefndi græni pakkinn í raun stuðla að hagræðingum og nýjum störfum – verðmæta-sköpun.

Ekki voru þó allir sammála þessari nálgun en árlegur kostnaður við græna pakkann svonefnda hefur verið metinn á allt frá 0,6 prósentum til 1-2 prósentu þjóðarframleiðslu ESB.

Gústaf Adolf telur ljóst að í þessu felist tækifæri fyrir íslenskt hugvit og reynslu á þessu sviði.

Ráð gegn skertri markaðs-hlutdeild og slæmu orðspori

Út er komin bókin Þjónusta: Fjöregg viðskiptalífsins eftir Margrétu Reynisdóttur. Bókin er sú fyrsta sinnar tegundar hér á landi. Í henni er að finna viðtæka umfjöllun um mikilvægi góðar þjónustu fyrirtækja.

Á ráðstefnu sem Samtök verslunar og þjónustu ásamt fleirum blés nýverið til í tilefni af útgáfunni greindi Lars Bech Christensen, lektor við Viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn (CBS), frá rannsókn meðal viðskiptavina fyrirtækja í Danmörku og Svíþjóð. Fram kom að áhugaleysi fyrirtækja gagnvart óánægðum viðskiptavinum veldur skertri markaðshlutdeild og skaðar orðspor þeirra.

Margrét segir fyrst reyna á þjónustu fyrirtækis þegar mistök verða og því sé í bókinni kennt skref fyrir skref hvernig bregðast á við ábendingum og kvörtunum og nýta þær til að bæta vörur og þjónustu með það



fyrir marki að verða sér úti um forskot í samkeppni.

Í umsögn Úlfars Steindórs-sonar, forstjóra Toyota á Íslandi, er bókin sögð mikill fengur og „alhliða upplýsinganáma um flesta þá þætti sem máli skipta þegar að því kemur að veita góða þjónustu.“ - óká

Peningastefna sem ekki svarar kostnaði

Aðferð Seðlabanka Íslands við að halda verðbólgu í skefjum er ekki lækning heldur frestun. Ragnar Árnason hagfræðiprófessor segir mikilvægt að huga nú að fjármálastöðugleika og hefja lækun stýrivaxta.

Óli Kristján Ármannsson
skrifar

Seðlabankar Bandaríkjanna og Bretlands hafa breytt stefnu sinni og lækkað vexti mikið og hratt þrátt fyrir versnandi verðbólguhorfur. Stefnumbreytingin er skýrð með því að aðstæður á fjármálamörkuðum heimsins séu nú með þeim hætti að meira máli skipti að tryggja þar lausafé og traust á fjármálastofnanir en einblína á verðbólgu. „Ef Seðlabanki Bandaríkjanna og Seðlabanki Bretlands telja að við þær aðstæður sem nú ríki beri að víkja verðbólguþröng til hliðar til að tryggja gangverkni í fjármálakerfinu, þá er þeim mun ríkari ástæða til að gera það hér á landi,“ segir Ragnar Árnason, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands.

Ragnar bendir á að verðlækkun á hlutabréfamörkuðum hér á landi hafi verið miklu meiri en bæði í Bandaríkjunum og Bretlandi, auk þess sem íslenskir bankar sæti mun meiri tortryggni og efasemum á markaðnum en stórir erlendir bankar.

Að mati Ragnars gæti það orðið til að auka traust á Seðlabanka Íslands og efnahagsstjórn hér ef peningastjórnin yrði ekki einskorðuð við verðbólguþröng og Seðlabankinn setti í öndvegi, í það minnsta tímabundið, að tryggja hér fjármálastöðugleika og þar með styrk hagkerfisins til lengri tíma.

„Seðlabanki Íslands á að safna meiri gjaldeyri til þess að efla trú á því að hann standi og geti staðið að baki bönkunum, þurfi þeir á því að halda, og lýsa því yfir að hann ætli að lækka vexti,“ segir Ragnar, en telur um leið að sú lækun þurfi ekki að vera mikil eða hröð til að hafa áhrif. „Aðalmálið er að þessi stefna hafi verið mörkuð og að Seðlabankinn víki frá þeirri stefnu sinni að halda uppi gengi krónunnar með ofurvöxtum, líkt og hann hefur gert.“ Hann bendir á að gengi krónunnar sé nú á svipuðu röli og það var fyrir fimm árum, eftir talsvert skeið gengishækkana og að á sama tíma hafi verðbólga verið hátt yfir verðbólguþröng bankans.

„Það sem hafst hefur í baráttunni við verðbólgu á þessum tíma er aðallega vegna þess að gengi krónunnar hefur verið keyrt upp af vaxtastefnu Seðlabankans, en það hefur líka þýtt að krónan hefur í raun farið út af markaðnum sem gjaldmiðill á Íslandi og allir sem vettlingi hafa getað valdið hafa tekið lán í erlendri mynt.“ Ragnar segir að við skilyrði frjálsra fjármagnsflutninga gangi ekki að ríki sérstaklega smáríki, séu með allt aðra vexti en gengur og gerist í þeim löndum sem þau eigi nán fjármagnstengsl við. Við slíkar aðstæður verði fjármagnsstreymi til eða frá útlöndum afar mikið. Þar

með sé í rauninni grafið undan þeirri peningastefnu sem vöxtunum sé ætlað að vinna að. Þetta endurspeglar jafnframt í genginu og skekki þar með öll rekstrarskilyrði í hagkerfinu. Hátt vaxtastig hér segir hann að hafi í raun gert krónuna að skotmarki erlendra fjármálaspekúlanta.

Ragnar fjallaði um vaxtastefnu Seðlabanka Íslands í grein sem hann ritaði í febrúar 2006, skömmu áður en fjármálakerfi landsins varð fyrir nokkrum árasum í umfjöllun erlendra fjölmiðla og greiningardeilda. Í greininni, sem birtist í Rannsóknnum í Félagsvísindum VII, sem Félagsvísindastofnun gaf út í september sama ár, kemst Ragnar að þeirri niðurstöðu að peningastefna Seðlabankans svari ekki kostnaði. „Vaxtabreytingum Seðlabankans fylgir ætíð kostnaður. Það liggur ekki fyrir að ávinningurinn sé umfram kostnaðinn, jafnvel þegar allt leikur í lyndi. Þetta hefur einfaldlega ekki verið mælt. Þegar skilyrði breytast og hefðbundin stjórntæki eins og til dæmis hækkunir vaxta í endurhverfum viðskiptum renna eftir óvæntum farvegum og hafa ótilætluð áhrif á hagkerfið getur kostnaðurinn margfaldast. Ýmislegt bendir til að þetta hafi einmitt gerst á yfirstandandi þensluskeiði,“ segir í grein Ragnars. Hann rekur gengisflökt krónunnar í vaxtahækkunarferlinu og telur það meira en svo að samrýmist ytri rekstrarskilyrðum sem margir atvinnuvegir í utanríkisviðskiptum fái þolað.

Seðlabanki Íslands vildi að sögn Ragnars bregðast við verðbólguáhrifum mikilla fjárfestinga tengdum stóriðju með hækkun vaxta. „Raunar kom í ljós að þessi verðbólguáhrif voru mun minni en búist var við vegna þess í hve miklu mæli vinnuáfl kom hingað að utan.“ Ragnar segir síðan hafa komið í ljós að peningur hafi streymt inn í landið, bæði vegna hækkunar vaxtastigsins og vegna stóriðjuframkvæmdanna. „Þetta þýddi að vaxtahækkunarinnar slógu lítið sem ekkert á eftirspurn innanlands. Á hinn bóginn hækkandi gengi krónunnar og við það lækkaði verðlag á Íslandi umfram það sem það hefði að öðrum kosti orðið. Síðan hefur verið ákveðin tilhneiging í krónunni til að fara til baka, en Seðlabankinn hefur komið í veg fyrir það með æ hækkandi vöxtum. Í raun var upphaflegum verðbólguvanda sópað undir teppið með hækkun á gengi krónunnar,“ segir Ragnar og telur að í raun hafi hér síðustu ár verið fylgt gengisstýringarstefnu þar sem stýritækið hafi verið vextir. „En vextirnir höfðu lengi vel engin áhrif á eftirspurn hér á landi því að hún var fjármögnuð með erlendu fé í staðinn fyrir krónur og það er enn svo í ríkum mæli.“

DAGUR Í LÍFI ...

Kristínar Ingólfssdóttur, rektors Háskóla Íslands

6.00 Kaffi, tölvupóstur og blöðin.

7.00 Morgunmatur með eiginmanni og dóttur. Gerðum áætlun um fermingarundirbúning um helgina og ræddum að skreppa á skíði.

8.15 Fundur með sameiginlegri stefnunefnd Háskóla Íslands og Landspítala. Ýmis samstarfsverkefni á dagskrá, mikil ánægja með áætlun sem heilbrigðisráðherra hefur kynnt um byggingu háskóla-sjúkrahúss í Vatnsmýri. Þetta mun styrkja verulega heilbrigðisþjónustu, menntun og vísindi innan heilbrigðisgreina.

10.00 Fundur með samstarfsfólki vegna mikilla skipulagsbreytinga sem við erum að gera á HÍ. Það er ekki einfalt að breyta skipulagi í tíu þúsund manna skóla, en verkið er á góðum skriði.

11.30 Fundur um sameiningu Háskólans og Kennaraháskólans. Eftir sameininguna verða um þrettán þúsund nemendur og kennarar í Háskóla Íslands.

12.15 Hádegismatur á Háskólatorgi með stúdentum og starfsfólki.

13.00 Undirbúningur undir fund háskólaráðs.

13.30 Fundur með Úlfari Steindórssyni, forstjóra Toyota, og Ingimundi Sigfússyni, fulltrúa japanska sendiráðsins, auk deildarforseta hugvísindadeildar vegna stuðnings Toyota við kennslu í japönsku. Mikilvægur þáttur í að byggja upp kennslu í asískum fræðum við skólann.

14.00 Röð af fundum með kennurum og deildarforsetum um málefni einstakra deilda.

16.00 Danska sendiráðið. Auður Hauksdóttir, dósent í dönsku og forstöðumaður stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, var sæmd Dannebrogssorðunni. Glæsileg athöfn og verðskuldaður heiður.

19.30 Kvöldverður á Háskólatorgi með starfsfólki Hapdrættis Háskóla Íslands. HHÍ er helsti bakhjarl við uppbyggingu húsnæðis HÍ.

24.00 Höfuðið á koddann.



KRISTÍN INGÓLFSSDÓTTIR Dagur háskólarektors er annasamur, meðal annars vegna sameiningar við Kennaraháskólann og annarra skipulagsbreytinga. MARKAÐURINN/GVA



BJÖRN HARÐARSON LEGGUR LOKAHÖND Á HLAÐBORÐIÐ Um hundrað manns snæða hádegismat á Vox á hverjum degi. Fimmtíu fleiri koma á föstudögum en þá sitja gestir lengur. MARKAÐURINN/ANTON

Vinsælast að snæða á Vox

Flestir fara á Vox í hádeginu, samkvæmt könnun Markaðarins. Sushi-ið vinnur á, segir matreiðslumeistarinn.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

„Við komum reglulega á Vox með erlenda gesti. Hlaðborðið er mjög heppilegt í hádeginu. Maturinn er ferskur og nútímalegur og úrvalið gott,“ segir Hjördís Árnadóttir, sviðsstjóri ytri samskipta hjá Actavis.

Hjördís fundar gjarnan með erlendum gestum, jafnt starfsmönnum Actavis erlendis sem erlendum blaðamönnum, yfir hádegisverði á veitingastöðum. Þá kemur Vox á Hilton Nordica við Suðurlandsbraut oftast til greina. Hún tekur sérstaklega fram að gestum Actavis líki að þeir þurfi ekki að bíða eftir afgreiðslu heldur geti sjálfir séð um að skenkja á diska sína af hlaðborðinu. „Þetta er uppáhaldsstaðurinn minn ef ég er með gesti í hádeginu,“ segir hún og mælir sérstaklega með eftirréttunum.

Viðhorf Hjördísar er í samræmi við niðurstöðu Markaðarins á vinsælasta veitingastaðnum í hádeginu, að mati stjórnenda hjá íslenskum fyrirtækjum. Þátttakendum var gefinn kostur á að nefna þrjú staði sem eru í uppáhaldi hjá þeim fyrir hádegissnarlið. Svörin voru mjög fjölbreytt en 38 staðir komust á blað, allt frá hádegisverði á Holtinu niður í skyndibita

í Pylsuvagninn í Laugardal, sem lenti í ellefta sæti. Fyrsti veitingastaður sem nefndur var á nafn fékk þrjú stig, sá í öðru sæti fékk tvö stig og hinn þriðji eitt stig.

VINSÆLUSTU STAÐIRNIR*

1. Vox
2. Sjávarkjallarinn
3. Hótel Holt, La Primavera, Sjávarkjallarinn
4. Domo, Jómfrúin
5. Fiskmarkaðurinn
6. 101 Hotel, Ostabúðin, Pylsuvagninn í Laugardal, Silfur, Vegamót
7. Austurlandahraðlestin, Á næstu grösum, Fylgífiskar, Geysir, Hamborgarabúllan, Hlaðborð í World Class, Humarhúsið, Kaffi París, Kringlukráin, Laugarás, Maður lifandi, Múlakaffi, Sjávarkjallarinn, Sushi-smiðjan
8. Asia, Askur, Café Bleu, Fjalakötturinn, Grænn kostur, Hornið, Kínahúsið, Sólun, Subway, Súfistinn í Hafnarfirði, Thorvaldsen, Uppsalar (Aðalstræti).

* Í stafrófsröð innan sæta.

Vox vann yfirburðasigur með 22 stig. Sjávarkjallarinn, fékk ellefu stig og lenti í öðru sæti. Veitingastaðirnir Hótel Holt, La Primavera og Þrír Frakkar deila með sér þriðja sætinu en allir fengu þeir tíu stig.

„Það verður uppreisn í salnum ef eitthvað vantar. Við reynum því að hafa eitthvað fyrir alla, framandi rétti í bland við klassíska,“ segir Björn Harðarson, matreiðslumaður á Vox. Hann hefur í eitt og hálf ár haft yfirumsjón með hlaðborðinu, mætir klukkan sex á morgnana og fer um þrjú-leytið þegar kvöldvaktin tekur við. „Það ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi,“ segir hann.

Hlaðborðið á Vox hefur unnið mjög á í þau tæpu fimm ár sem veitingastaðurinn hefur verið starfræktur. Björn segir vinsældirnar hafa vaxið jafnt og þétt og nú komi allt upp undir 150 manns í hádegismat þegar mest sé, iðulega á föstudögum. Þá sé létt yfir gestum, sem sitji oft lengur en aðra daga. Á öðrum vikudögum geti verið allt upp í hundrað gestir í mat. „Sushi-ið er vinsælast núna,“ segir Björn en hann gerir allt að fimm hundruð sushi-bita á hverjum degi. „Og bitunum er alltaf að fjölga,“ bætir hann við. „En þetta er hópvinna. Annað gengi ekki.“

FRÍSTUNDIN

Lyftir lóðum og léttir lund í ræktinni

Líkamsrækt og rétt mataræði skiptir máli, segir framkvæmdastjóri veitingastaðanna Culiacan.

„Ef ég kemst ekki í ræktina eða út að hlaupa verð ég slæm í skapinu. Ég verð ferlega leiðinleg og það bitnar á fólkinu í kringum mig,“ segir Sólveig Guðmundsdóttir, stofnandi og framkvæmdastjóri veitingastaðarins Culiacan.

Sólveigu telst til að hún hafi æft lyftingar í tólf til fimmtán ár, eða frá tvítugu. Þar á undan æfði hún handbolta og eróbikk. Hún fann sig ekki í eróbikkinu enda markmiðið þar brennsla. „Mér var bent á að leggja meiri áherslu á lyftingar. Um leið og ég byrjaði á því reglulega fór líkaminn að gjörbreytast. Hann stæltist og mótaðist,“ segir hún og vísar því á bug að lyftinga-

fólk verði massaðir kögglar líkt og margir haldi. Þvert á móti megi stýra líkamsmótuninni sé hver og einn líkamshluti æfður reglulega.

Sólveig bendir á að mataræðið skipti miklu máli. Sjálf fór hún í nám í iðnhönnun í Bandaríkjunum árið 2001 og komst þar í kynni við mexíkóska matargerð. Samkvæmt þeirri hefð er allur matur grillaður en olía og djúpsteikingar koma þar ekkert við sögu. „Ég varð „húkt,“ segir Sólveig.

Þegar hún sneri aftur heim að námi loknu hófst hún handa við uppbyggingu fyrsta veitingastaðarins, Culiacan, sem var opnaður árið 2003. Sólveig tók þekk-

ingu sína á iðnhönnun alla leið, en hún hannaði og smíðaði allar innréttingar staðarins. Fyrsti staðurinn var opnaður í Faxafeni árið 2003 en annar í Hlíðar-smára á jólamánuðinum í hitteðfyrri. Þar er í boði mexíkóskur grillmatur, fitusnautt kjöt og heilbriggt meðlæti í samræmi við þann heilbrigða lífsstíl sem hún hefur tileinkað sér.

En tíminn skiptir máli og hann er af skornum skammti hjá Sólveigu, sem á fjögurra ára dóttur og rekur tvo veitingastaði. „Ég er skipulögð, æfi á milli klukkan þrjú og fimm í klukkutíma til einn og hálfan tíma í senn, fjórum sinnum í viku,“ segir hún. „Þá er rólegasti tíminn.“ - jeb



TEKIÐ Á PVÍ Í TÆKJUNUM Sólveig Guðmundsdóttir segist verða að komast fjórum sinnum í viku í ræktina, annars verði hún slæm í skapinu. MARKAÐURINN/ANTON

Við hjá Odda bjóðum upp á ótrúlegt úrval á öllum sviðum hráefnis og prentunar. Trúnaðarupplýsingar eru öruggar í okkar höndum enda eftirlit og umgengni um prentsali takmörkuð.



SÁ SEM SEGIR
AD ARSSKYRSLUR
SNUIST BARA
UM TÖLUR OG
INNIHALD HEFUR
EKKI PRENTAÐ
HJÁ OKKUR

BANKAHÓLFID

I'm from the government

Líklega fagna því margir, sem fram kemur í Financial Times í gær, að Geir H. Haarde forsætisráðherra ætli að kynna sterka stöðu íslensks efnahagslífs erlendis. Hefur hann ákveðið að fara til New York í þessum mánuði til að ræða við fjárfesta og sannfæra þá um að Ísland sé nú álitlegri kostur en Kasakstan (sjá síðu 2). Einhverjir eru þó efins og rifja í gamni upp orð Ronalds Reagan, fyrrverandi forseta Bandaríkjaþjóðar, þegar hann lýsti því hvaða ný orð á enskri tungu hræddu mest: „I'm



from the government and I'm here to help.“

iPhone crack

iPhone-síminn selst eins og heitar lummur í Bandaríkjunum. Símarir eru ekki til sölu hér á landi og óljóst hvenær af því verður, aðdáendum Apple til mikillar mæðu. Af þeim sökum hafa fjölmargir brugðið á það ráð að kaupa iPhone erlendis og flytja til Íslands. Til að síminn gagnist á Íslandi þarf að afnema læsingu sem á að koma í veg fyrir flutning tækja milli markaða. Græða menn fúlgur fjár á því. Einn hafði virkjað um 300 síma en ekki var hægt að nota símkort frá Símanum eftir aðgerðina. Vodafone fékk því marga iPhone-aðdáendur í viðskipti til sín. Fór svo að þessi einstaklingur fékk „leiðbeiningar“ um hvernig hægt væri að opna símann og nota hann á símkerfi Símans. Markaðsöflin eru víða að verki.



Bankaumræður í sjónvarpi

Fyrir helgi varð nokkuð fjaðrafok á Eyjuni í umræðum um viðskipta- og efnahagsmálaumfjöllun í Silfri Egils. Efnahagsmál eru fyrirferðarmikil í fjölmiðlum þessa dagana enda umrót í fjármálaheiminum og hriktir sums staðar í. Á föstudag ræddu í Íslandi í dag Illugi Gunnarsson, þingmaður og fyrrverandi aðstoðarmaður forsætisráðherra, og Ólafur Stephensen, ritstjóri 24 stunda, fréttir vikunnar. Í umræðum um Evrópusambandið benti Illugi á að bönkum á meginlandinu virtist ekki meiri stuðningur af evrunni en svo að þeir stæðu margir illa í fjármála-óróleikanum. Þarna hefði mátt spyrja hvort þingmaðurinn teldi vanda íslensku bankanna, sem enga áhættu bera af undir málslánnum, vera þann sama og plagar evrópska banka.



91 milljarður króna, eða 899 milljónir evra, er upphæð sektar sem Microsoft fékk frá Evrópusambandinu fyrir að verða ekki að tilmælum vegna brota á samkeppnislögum. Sektin bætist við fyrri sektir frá 2004 og 2006 upp á samtals 777 milljónir evra.

10 billjónir króna, eða 10 þúsund milljarðar króna, er sú upphæð, reyndar rúmlega, sem heildareignir íslensku bankanna, að Seðlabanka Íslands meðtöldum, eru metnar á í lok janúar. Eignirnar höfðu aukist um 71 milljarð frá fyrra mánuði.

14,8 milljarðar króna er arðurinn sem stjórn Kaupþings leggur til við aðalfund bankans að hluthöfum verði greiddur. Greiðslan nemur 20 krónum á hlut. Aðalfundur bankans er næsta föstudag.

PÓSTURINN www.postur.is
SÍMI 580 1000 postur@postur.is
SP 80 878 215 & 15

HVAÐ SEM FYRIRTÆKIÐ ÞITT ÞARF AÐ SENDA

LÁTTU PÓSTINN KOMA ÞVÍ TIL SKILA

POSTURINN
MÍR ÞAKKUM

Láttu þig dreyma

INN
Innréttingar

Dalvegi 10-14 • 200 Kópavogur
Sími 577 1170 • Fax 533 1127 • www.innx.is